3J
.963
J66x
920

HAROLD B. LEE LIBRARY
BRIGHAM YOUNG UNIVERSITY
PROVO, UTAH

MANNASIÐIR

REYKJAVIK
ÚTGEFANDI: ÞORSTEINN GÍSLASON
1920

FÉLAGSPRENTSMIÐJAN

I.

FORSÖGN.

1. Hvað eru mannasiðir?

Það, sem hjá mentuðum þjóðum er skilin kurteisi og háttprýði. Að vísu eru þeir með ýmislegum hætti hjá þjóðunum, en þó er áreiðanlega margt sameiginlegt öllum prúðum mönnum meðal allra þjóða.

2. Er kurteisi og háttprýði nauðsynleg?

Já, því að þær eru einkaskilyrði upptöku í samfélag siðaðra manna og samvistar með þeim.

3. Er þá manngildið komið undir kurteisi og háttprýði?

Já og nei! Ribbaldinn er ribbaldi, fanturinn er fantur og dóninn er dóni innifyrir, hvernig sem hann kemur til dyra. Úlfurinn er úlfur, þótt hann sé klæddur í sauðargæru og sú háttprýði ein er sannfögur og hrein, sem kemur innan að

og geislar út frá prúðu, góðu hjarta. En það að stjórna geði sínu, að laða sig eftir velsæmistilfinningu annara og hæverskum siðum, þótt eldur og ofbeldi ójafnaðar ef til vill brenni inni fyrir, er samt góðra gjalda vert, með því að það gerir sambúð manna þolanlegri heima fyrir og út á við og gerir yfirleitt mannlífið mýkra viðkomu. Mannlegt eðli er svo göddótt, að lífið yrði óbærilegt, ef hver ræki odda sína og gadda í annan.

4. Hvernig lærist háttprýðin?

„Dregur hver dám af sínum sessunaut," segir orðtakið, og því er það svo einkar áríðandi að velja sér þá eina að félögum, sem njóta eða notið hafa góðs uppeldis. Vaninn er veldi, sem — ekki síst í æsku — teygir og seiðir menn, viljugan eða nauðugan, vitandi eða óafvitandi, út á þá braut, sem honum verður síðar í lífinu svo örðugt af að víkja. Manneðlið er í æsku svo meyrt og viðkvæmt fyrir áhrifum, að það mótast sem rakur leir af því, sem við það kemur, og svo sem „óþarfi í dag verður nauðsyn á morgun," þannig kemst bæði gott og ilt, fagurt og ljótt, háttprýði og hrottaskapur smám saman upp í vana og göfgar eða eitrar sálina. Þýðing félagsskaparins ætti því að vera hverjum auðsæ, enda segir og máltækið: Nefndu mér lagsmenn þína, þá skal eg segja þér, hver þú ert. Lífið er auðvitað

besti kennarinn í háttprýði, sem svo mörgu öðru, en oft vill verða torvelt, ekki sízt hér á þessu strjálbygða landi, að ná til háttprúðra manna, og þá er að leita þess í letri, sem ekki lærist í daglegu lífi; þess vegna hafa og allar mentaðar þjóðir gefið út, hver á sína tungu, sæg af bókum eða leiðarvísum í hegðun út á við. Kver þessi hafa mörgum að gagni orðið og forðað þeim frá að verða að athlægi fyrir vankunnáttu sakir í almennum kurteisisreglum.

5. Hver er vörn gegn þeim, sem af ásettu ráði og í ofmetnaði brjóta almennar kurteisisreglur?

Sú, að láta þá hispurslaust, en kurteislega, vita, að framkoma þeirra geri þá að minni, en ekki meiri, mönnum, og að oflæti sé ekkert merki yfirburða.

6. Hver er lífæð kurteisinnar?

Það er smekkvísin. Smekkvísin er móðir allrar prúðmensku, allrar hæversku og háttprýði. Hún er jafnnauðsynleg lærðum sem leikum, rithöfundum sem ræðumönnum, konungum sem kotungum. Hún fegrar lífið, og þær kurteisisreglur, sem brjóta bág við heilbrigðan smekk, eru að engu nýtar. Hún getur af sér lipurð í umgengni og þýtt viðmót, sem engan særir og engan vill særa, og hún

kann jafnan einhver ráð, til að firra vandræðum, þegar í harðbakka slær.

7. Er smekkvísi áskapaður eiginleiki eða aðfenginn?

Að líkindum hvorttveggja, því að svo mun vera um andlega og líkamlega hæfileika mannsins yfirleitt, að þeir þróast, sljóvast og breytast eftir því sem með þá er farið. Leggi menn rækt við einhvern sérstakan hæfileika sinn, er það sama sem að auka hann og skerpa. Fræ smekkvísinnar mun því dafna að sama skapi, sem með það er farið, svo sem augað skerpist við notkunina og gerhyglin við umhugsunina.

8. Eru kurteisisreglurnar hinar sömu fyrir alla?

Kurteisin heimtar að vísu háttprýði, hæversku og smekk af öllum, en það leiðir af sjálfu sér, að kurteisi kemur fram með ýmsum hætti eftir atvikum. Menn geta ekki krafizt sömu framkomu af unglingum sem gamalmennum, af yfirvöldum sem undirgefnum o. s. frv. Hér verða því nær eingöngu teknar fram þær meginreglur kurteisrar framkomu, sem eiga jafnt við alla. Hitt mun lærast af sjálfu sér. Í bæklingi þessum, sem einungis verður stutt yfirlit yfir meginatriði mannasiða, mun því verða slept mörgu gömlu og nýju, sem

telja má óverulegt, svo og öllu *siðdekri*. Margir þeir siðir, sem áður þóttu fagrir, eru nú taldir ófagrir eða blátt áfram hlægilegir, og líklega má segja, að mönnum fari í þessum greinum, einkum erlendis, fremur fram en aftur. Siðirnir eru að verða náttúrlegri en áður og jafnframt víðtækari og almennari. Marga hluti, sem áður þótti ruddalegt að nefna, kynokar nú enginn sér við að nefna réttu nafni. Málið er farið að verða einfaldara og óbrotnara en áður, klæðaburður hentugri og náttúrlegri, eða að minsta kosti ekki svo afkáralegur og skrípalegur sem fyr (sbr. krinolínurnar í ungdæmi voru, sem nú erum rosknir orðnir, o. s. frv.), þótt mikið vanti á, að enn sé alt með feldu í þeim greinum. Það er ekki „heiglum hent“ að spyrna á móti broddunum í því, er snertir tízkuna, og vart gerlegt nýgræðingum í heimboðum og á mannfundum. Þar er beztrar hjálpar að vænta af vönum og leiknum „veraldarmönnum“, þeim, er sjá tízkulýtin og nenna að kljást við þau. Færu allir að gerast „siðameistarar“, myndi hætt við, að af því leiddi óstjórn í siðum og síðari villan yrði þannig verri hinni fyrri.

Siðir og fastar reglur í framkomu, virðast mannkyninu eðlilegar og frumlegar, því að flestallar villiþjóðir eiga einnig siði fyrir sig og ákveðnar reglur fyrir kurteisi og látprýði.

II.

FRAMKOMA.

9. Það, að koma vel fyrir sjónir, er nokkurs konar meðmælingarbréf mentaðs manns.

Sá, sem er skeytingarlaus í klæðaburði eða óhreinn, er vargur í véum siðaðs félagsskapar. Yfirburðir heila og hjarta eiga örðugt uppdráttar og viðurkenning þeirra verður torsótt, þegar menn koma illa fyrir sjónir, og það er ekki að ástæðulausu, því að félagsskapurinn verður, afleiðinganna vegna, að sjá um, að framkoma manna særi ekki augað né smekkinn. Íburður í klæðaburði er óþarfur, en oft má lítið laglega fara, og meira er undir því komið, að fötin fari vel og flíkurnar séu hreinar en undir dýrleika efnisins. Trassar og sóðar eiga ekkert samvistarerindi til siðaðra manna.

10. Hvað skal varast?

Varist fyrst og fremst alt tildur, allan mikilmenskubrag, alla falska glæsimensku. Það er ömurleg sjón, þegar menn eru að strita við að

sýnast meiri en þeir eru, og reyna að vekja eftirtekt með sundurgerð í klæðaburði, og menn verða ætíð að minni fyrir vikið. Alt það, sem ekki á við í stöðu eða hag einstaklingsins, er kynlegt og vekur eftirtekt. Það þykir t. d. skrítið, þegar fátækir menn sýna sig í veizlum með falsaða skartgripi. Á sama hátt má og vekja eftirtekt á sér með einkennilegum klæðalitum, klæðasniði, höttum og ýmsu öðru, sem of langt yrði upp að telja. Alt slíkt ber að varast, vilji menn eiga heima í góðum félagsskap. *Látlaus, eðlilegur og hispurslaus, jafnt í ytri framkomu sem heima fyrir — það er hið fyrsta boðorð.*

11. Hvert er annað boðorðið?

Það er um *hreinlæti*. Aldrei verður góð vísa of oft kveðin og aldrei verður nógsamlega brýnt fyrir mönnum ágæti og heilnæmi hreinlætisins. Sumir þykjast hafa fullnægt hreinlætisskyldu sinni við líkamann, ef þeir að eins dýfa kollinum niður í þvottaskálina, þegar þeir rísa úr rekkju, og þvo sér um hendurnar. En það er ekki nóg. Bezt er að geta tekið sér bað daglega. Sé manni þess varnað, þá er tíður þvottur, einkum um höfuðið, tennur, hendur og fætur sjálfsagður. Tímatöfin fæst marg-endurgoldin með góðri heilsu eða betri vellíðan en ella, og auk þess losast menn við óþef og slordónabrag, sem er hverjum siðuðum manni

hvimleiður, því að fátt mun t. d. ógeðslegra og daunverra en svitalykt af óhreinum líkama. En það er ekki nægilegt að ræsta líkamann einan. Það, sem næst honum er — nærfötin — eiga einnig að vera hrein, svo að líkaminn ekki saurgist af þeim, og sama er að segja um ytri skyrtur, hálslín og handlín. Þar heimtar augað sitt og er illa við tæjur og bætur, vill hafa það alt fágað og strokið. Bleikingarblettir og hrukkur á hálslíni og handlíni eru auganu óþægilegir og engin meðmæli fyrir húsfrúrnar. Betra að fá slíkt vel gert utan heimilis, ef þess er kostur, en illa heima. *Þau* útgjöld vart svo tilfinnanleg, að ekki sé hægt að ná sér niðri sem því nemur, á öðrum útgjaldaliðum, sem eiga rót sína að rekja til spjátrungsháttar. En ekki einungis það, sem sést, heldur og það, sem ekki sést, skal hreint vera, svo að vér lítum ekki út sem „kalkaðar grafir framliðinna."

12. Hvað er um vasaklúta?

Sú var tíðin, að með þá var farið sem mannsmorð í samkvæmum. Nú myndi hver sá þykjast illa staddur, sem vantaði þá, því að alla getur hent að þurfa að snýta sér — og þá ilt að standa uppi ráðalaus. — Vasaklútar séu af meðalstærð, úr góðu lérefti (hörlérefti) eða smágervu líni (Batist) með ísaumuðu einföldu en smekklegu fangamarki í einu horninu. Konur munu þó telja

sér leyfilegt að skreyta rendurnar á spariklútum sínum með útsaumi. Svartar sorgarrendur á vasaklútum munu ekki tíðkast hér á landi, enda mun varla hugsanlegt verra smekkleysi, en að bera sorg sína í snýtuklútnum. Svartur, hreinlegur búningur er enn sem fyr hinn almenni sorgarbúningur.

13. Hvað er meira athugavert um klæðaburð?

Búningur bæði kvenna og karla sé hispurslaus, einfaldur, þokkalegur og sitji vel. Það er spjátrunga einna æði að vera tízkugikkir, að elta hverja nýtízku í klæðaburði, hve fráleit eða óhentug sem hún kann að vera. Menn verða jafnan að hafa það hugfast, að það eitt er „fínt", sem er smekklegt; einnig, að það, sem fer þessum vel, getur farið öðrum illa, eftir vaxtarlagi og öðrum ástæðum. Þannig eiga t. d. ljósir og sterkir litir vel við í samkvæmum og á dansleikjum en illa við á götu eða opinberum mannfundum.

14. Hver klæðaburður á bezt við á götum úti?

Dökkleitur, litdapur, einfaldur í sniði og íburðarlaus að skrautgripum. Það ber vott um smekkleysi að ofhlaða sig gulli og gimsteinum heima fyrir eða í samkvæmum; á götu er það enn frá-

leitara. Úrkeðjur og einfaldar brjóstnælur eða hálsnælur eru eina götuskrautið, sem leyfilegt er. Vandað skal það vera, en prjállaust.

15. Hvernig skal búningi háttað í heimsóknum?

Konur séu í götuklæðum, eða (skemti)gönguklæðum, í óbrotnum, vel sniðnum, dökkleitum, sem minst skreyttum klæðum; hattur og blæja samsvari aldri eigandans, og hanzkar séu lýtalausir. Í regni skulu regnkápur, regnhlífar og skóhlífar skildar eftir úti fyrir, áður en gengið er inn í herbergin. Karlar beri svartar yfirhafnir og hatta, ljósleita hanzka og lýtalaust háls- og handlín. Heimsæki þeir yfirmenn sína eða mjög hátt setta menn, er víða siður að vera kjólbúinn og með pípuhatt á höfði. Úr yfirhöfn skal farið áður en inn er gengið. Við samhrygðar heimsóknir skulu bæði karlar og konur klæðast svörtum klæðum, eða að minsta kosti ekki mislitum, og sýna þannig með klæðaburði sínum, að þeir beri virðingu fyrir sorg annara.

16. Hvernig skal búningi háttað í minni háttar heimboðum?

Karlar séu í svörtum frökkum, konur í háum slóðalausum kjólum úr ljósleitu ullarefni eða dökk-

leitu silki, nema sérstaklega sé tekið fram, að menn komi í heimabúningi. Rétt er að spyrjast fyrir um, hve mannmargt sé boðið, með því að það er jafnan leitt í fjölmenni, að vera hjáleitur í klæðaburði. Sá er kostur hirðboða, að þar er þess jafnan getið (á boðseðli), hvernig menn skulu klæddir. Því fjölmennara sem samsætið er, því ríkulegri mega búningar vera. Flegnir kjólar eiga sérstaklega við á dansleikum og í mannmörgum kvöldsamkvæmum. Rosknar konur bera auðvitað háa kjóla.

17. Hvernig skal klæðnaði háttað í miðdegisverði?

Sé boðið til miðdegisverðar um miðdegisleytið, þá er vanalegt, að karlar séu í frakka, en konur í háum, ekki mjög ljósum, silkikjólum. Sé boðið til meiri háttar miðdegisverðar (dinner), sem sjaldan mun byrja fyrir miðaftan og karlar séu boðnir í kjól, þá eru silkiklæði kvenna að jafnaði með ljósari litum en ella. Flegnir kjólar og berar axlir í miðdegissamkvæmum tíðkast ekki framar í Þýzkalandi, en algengt kvað það vera í Englandi. Sinn er siður í landi hverju, og því bezt að spyrjast fyrir um slíkar venjur, þegar menn eru staddir meðal erlendra manna.

18. Hvenær má bera blóm og skrautgripi?

Í öllum samkvæmum, en gæta skal hófs í því sem öðru. Lítill blómvöndur lifandi blóma, ein rós eða fjóluvöndull á hálsi, brjósti eða í beltisstað skreytir jafnan einfaldan óbrotinn búning. En í öllum hamingjunnar bænum vel valið, á réttum stað og ekki of stórt — heilt kýrfóður skaðar, en skreytir ekki. — Í minni háttar boðum eða samkvæmum skal spart haldið á öllu skrauti. Það er smekkleysa að hlaða sig gulli, og betra að bera enga skrautgripi á sér en óskíra eða svikna. Sérstaklega skal gjalda varhuga við tízkuglingri, svo sem nálum, nælum, kingjum, sem oft er fánýtt og svikið stundargaman, sem enginn vill sjá eða nota að skömmum tíma liðnum. Þannig á t. d. alls ekki við að hlaða á sig ilduðum (oxyderuðum) og smeittum (emailleruðum) ósóma. Slíkt gerir oft konur að athlægi í augum annara og að gikkjum í veiðistöð glingursins. Þeir, sem eiga skíra skartgripi, mega aftur á móti bera þá, þegar eitthvað mikið er á seiði, svo sem meiri háttar miðdegisverðir, dansleikar, mikil kvöldboð, brúðkaup o. s. frv., en þó því að eins, að þeir eigi við búninginn; þar verður smekkvísin að ráða. Rosknum konum fara skrautgripir betur en ungum, en gæta skal jafnan þess, að þeir skrautgripir, sem notaðir eru í hvert skifti, eigi saman, en

æpi ekki hver að öðrum; samræmið er þar fyrir öllu, og því betra að bera færri gripi og sjá um, að samræmið ekki raskist. Kona, sem á granatmen, eyrnahringa úr kóral, demant-næli og hárkamb úr tyrkisum, er alls ekki skyldug til að bera öll þessi djásn á sér í einu, þótt mikið sé um að vera, og hún vilji halda sér til. Setjum svo, að einhver kona eigi alla þessa gripi, þá myndi fara vel að nota granat-menið við róslitan búning, demants-kingjuna við bláan og tyrkiskambinn við hvítan klæðnað. Íburður er lítils virði, en smekkvísin er alt. Eyrnahringunum mætti að ósekju sleppa; þeir minna, þrátt fyrir alt, á villimanna siðu: að særa hold sitt til að stinga inn í sárin alls konar glingri og munurinn minstur, hvort það hangir niður úr „siðuðum" evrópskum eyrum, eða svertingjanefjum.

Fegurst skraut ungra meyja eru blómin. Gætu þær að ósekju slept öllu öðru skarti, því að ekkert skraut skín *þar* jafn-prýðilega.

Karlar ættu ekki að bera aðra hringa á höndum sér en trúlofunarhring sinn. Innsiglishringa þykir nú ekki lengur rétt að bera, allra sízt á vísifingri. Konum verður þó tæplega láð, þótt þær hafi fleiri en einn hring á græðifingri og að minsta kosti hring á litla fingri.

Fögur hönd ljókkar við litprýði hringa.

19. Er rétt að nota ilmefni?

Ilmefni eru með öllu óþörf, og því fremur sem þau eru mörgum manni ógeðsleg, því nær óbærileg. Að minsta kosti skal gjalda varhuga við að nota nokkurt þeirra mikið, og eingöngu þau, sem eru einkar ilm*góð* og ekki ilm*sterk* (svo sem *fjóluvatn*, *heliotrop*, *tuberose*, *orange*, *maíklukkur* o. fl.); hins vegar skal forðast ilmsterk efni (svo sem *moskus*, *patshouli*, *bisam*, *juchten* o. fl.). Eau de Cologne, ómengað Kölnarvatn, verður jafnan talið með beztu ilmvötnum og á bezt við fyrir karlmenn, ef þeir annars ilmvötn nota og telja sér þau að nokkuru nýt.

20. Hvað er fleira athugavert um framkomu?

Framkoma mannsins út á við er ekki við klæðaburðinn einn bundin. Þannig er afar áríðandi að ræsta vel andlit sitt, hár, tennur og hendur. Þá er og fagur limaburður og prúðmannleg framganga mjög mikils virði. Vér höfum skyldur að rækja við líkama vorn, bæði í heilbrigði og fegurð, og það vill einmitt svo vel til, að skyldur þessar eru ekki hvor annari andstæðar, heldur fara þær mjög saman. Hér er ekki átt við neina fordild eða óþarflegt dekur við líkamann, heldur þá viðleitni að gera hann sem álitlegastan ásýndum, og um leið sem heilbrigðastan, enda á margt

það, sem gerir menn lítt ásjálega, oft rót sína að rekja til ýmislegrar vanheilsu eða líkamskvilla Almenn fegurðartilfinning heimtar af mönnum, að þeir sjái jafnt sóma síns ytri manns sem innri. Fagur líkami og prúðmannleg framkoma eru einnig mjög mikilsverð þeim, sem vilja komast áfram í veröldinni, og oft fylgir gæfa glæsimensku.

21. Hvernig skal andlit hirða?

Hreinn og fagur litarháttur er ekki öllum gefinn, en skylt er þeim, sem hann hafa fengið að gjöf, að reyna að halda honum við. Margir eru ljótir á hörund, rauðir, blakkir, gulir eða gráir í framan, með nabba í andliti o. s. frv. Það er oft vöggugjöf og þeim til sorgar og mæðu, sem fyrir verða, einkum konum, enda leitast þær oft við að ráða bót á því með tállitum og dufti (Sminke, Pudder). En það er að eins til að gera vont verra, fara úr öskunni í eldinn. Ljótur (og óhraustlegur) litarháttur stafar oft af einhverri veilu inni fyrir, t. d. meltingarörðugleikum, sem oft geta lagast með breyttu viðurværi o. fl., og því gefst oft vel að leita læknis í þeim efnum. Stoði það ekki, þá er ekki annað til en að hlýða reglunni, er segir: „Það, sem verður að vera, viljugur skal hver bera.“ Litir og duft gera ekki nema ógagn eitt, þau sýkja hörundið enn meira, með því að þau loka svitaholum þess og gera þannig sjúkt

og ljótt hörundið enn sjúkara og ljótara. Auk þess er það hin mesta fásinna af konum, að þessi brögð geri þær ásjálegri og eigulegri, því að „upp komast svik um síðir." Karlmennirnir komast fljótt á snoðir um, að þessar litfögru drósir eru málaðar manneskjur, og skortir þá sjaldan hlátur og hnýfilyrði í þeirra garð. Framan af 19. öld var þessi ósiður nær ókunnur hér á landi, en erlendis því tíðari, en er nú, sem betur fer, að leggjast þar niður, nema í leikhúsum, með því að þar ber nauðsyn til að breyta útliti manna á ýmsan hátt eftir hlutverki þeirra á leiksviðinu. Hér á landi virðist hann aftur á móti vera að færast í vöxt og er það illa farið, því að tállitir skemma hörundið, svo að árangurinn verður öfugur við tilganginn.

22. *Hvernig skal fara með hárið?*

Hreinlæti er hér sem víðar fyrir öllu. Þvoið yður rækilega um höfuðið, að minsta kosti vikulega. Sumir óttast kælingu og hræðast því höfuðböð og líkamsþvott, en það er með öllu ástæðulaust.

Fyrst skal rækilega borin sápa í höfuðið, það þvegið úr heitu vatni, síðan hreinþvegið úr köldu vatni, vandlega þurkað og loks stökt á það (ef

menn vilja) Kölnarvatni úr dropaflösku.* Um leið og vínandinn (í Kölnarvatninu) gufar burt þornar hárið fyr en ella, og hörundið volgnar svo fljótt, að ekki þarf að óttast kælingu. Vart mun sköllóttum körlum láandi, þótt þeir noti hárkollur, svo munu og ýmsir rosknir kulvísir menn bera þær fyrir hlýinda sakir, en tæplega verður það talin nauðsyn frá feguröar sjónarmiði. Alt öðru máli er að gegna um konur. Fagurt og mikið hár er eitt hið fegursta skart kvenna, og sköllótt mær eða kona er ömurleg sjón, svo ömurleg, að þær eru í mannúðarinnar nafni næstum skyldar til að hylja skallann eða hárlýjurnar fyrir meðbræðrum sínum og systrum með annarlegu hári. En hitt, að bæta fölsuðum fléttum inn í sæmilega mikið meðfætt hár, er að „bera í bakkafullan lækinn"; þess vegna óþarft, og gerir konu sízt virðulegri, ef upp kemst. *Að líta hár sitt er blátt áfram viðbjóðslegt.* Grá hár sóma sér jafn-vel sem hver annar litur og silfurhærur meira að segja oft afbragðsfagrar á að líta. Aftur á móti er litað hár aldrei fagurt, liturinn kaldur og ónáttúrlegur. Í stað þess að yngja manneskjuna upp, gerir það hana óeðlilega, enda sjást oft merki litunarinnar

---

* Svo nefni ég flöskur með sérstaklega útbúnum tappa, sem lætur innihaldið úti í dropatali.

á húð og hári. Hér ber því sem oftar að sama brunni. Menn eiga að *vera*, en ekki að *sýnast*, því að „þótt náttúran sé lamin með lurk, leitar hún út um síðir.“ Með aldrinum verða einnig andlitsdrættirnir skarpari og mun þá náttúrunni bezt fyrir trúandi, hvernig hún hagar litbreytingum hársins, því að hún mun betur sjá um samræmi hárs og hörunds en nokkur litunarlist. — Þá skal og varast að bera of mikið af olíu eða smyrslum í hár sér. Það á ekki að drjúpa eða gljá af fitu eða loða saman, heldur skal það liggja létt og eðlilega á höfðinu. Fitu má ekki bera nema af skornum skamti í hárið, og skal henni dreift með hreinum bursta um hársvörðinn.

23. *Hvernig skal hirða tennur?*

Vel tentur fríður munnur eykur mjög á fegurð andlitsins. Og þótt menn séu ekki munnfríðir, bæta fagrar tennur mjög mikið. Hirðing tanna er hreinlætisatriði og það mjög merkilegt, því að undir henni er ekki einungis fegurð tannanna, heldur og heilsa þeirra komin. Og hvern langar til að kyssa ungan og æskufríðan munninn, þar sem skín í gular og óhreinar tennurnar fyrir innan, ef hlegið er, eða mælt orð frá vörum. Andremi og óhreinn munnur hefur meyjar mörgum biðlum svift. Menn bursti tennur að minsta kosti einu sinni á dag með bursta, sem ekki er mjög harð-

ur, og hreinsi þær með óskaðlegu tanndufti, og skoli þær úr vatni eftir hverja máltíð. Rétt er og að láta tannlækni við og við athuga tennur sínar og gera við þær í tíma, ef þær fara að sýkjast; það er miklu ódýrara og betra en að missa þær — ef til vill allar — fyrir hirðuleysi. Tannsjúkdómar hafa farið mjög í vöxt hér á landi á síðari áratugum, eftir því sem minna hefir orðið um harðfisk og annað harðmeti, því að þær þola ekki fremur en annað „góða daga“ og iðjuleysi. En þegar svo langt er komið, að þær eru orðnar alsýktar og ónýtar, þá eru falskar tennur nauðsynlegar bæði af heilbrigðilegum ástæðum og útlitsins vegna, því að bæði verða menn að geta tuggið fæðuna, og svo er innsoginn munnur aldrei fögur sjón, allra sízt á ungu fólki. En áríðandi er að ná sér í góðan tannsmið, því að tennurnar verða að fara vel, svo að þær særi ekki eða skrölti í munninum og geti orðið að fullum notum.

24. Hvernig skal hirða hendur?

Það er talsverðum örðugleikum bundið að ganga í alla vinnu og samtímis sjá um, að hendurnar harðni ekki eða ljókki; allir sveitamenn þekkja t. d., hvernig hendurnar fara í votabandi og í leirheyi og sjómönnum mun einnig kunnugt um, að árin og sjávarseltan mýkja þær ekki. Samt

er það misskilningur, að hofróður einar og iðjuleysingjar geti haft mjúkar og fagrar hendur. Mörg konan, sem gengur til allra verka á heimili sínu, er bæði fagurhend og mjúkhend, af því að hún hirðir vel hendur sínar. Fögur hönd er eitt af því, sem prýðir bæði karla og konur, ekki sízt konur; mjúk, hvít húð, litlir hnúar, langir fingur, ávalar, írauðar, hæfilega langar neglur með hreinni naglhúð hafa margan heillað, en klunnaleg hönd með kartnöglum, annöglum, löngum Kínverjanöglum, eða svo stuttum, að þær hylja ekki góminn, geta oft gert fagran konuarm að engu nýtan í augum karlmannanna. Sé húðin hörð og henni hætt við sprungum, má ekki nota nema mjúka og ágæta sápu, en sé húðin svo viðkvæm, að hún þoli ekki sápu, skal nota sandmöndlusáld (Sandmandelkleie), sem hreinsar en særir ekki Hendur skal jafnan þvo úr köldu vatni, þó ekki ísköldu, og menn hafi jafnan hugfast, að vatnið er hið bezta fegurðarlyf fyrir hendurnar, sem aðra hluta líkamans. Sé vatnið of hart (þ. e. kalkborið), má blanda það sóda eða boraxdufti. Neglur skal hirða sem bezt, klippa þær með beittum skærum í aflangan boga, þannig að þær hylji vel góma; stuttar neglur með nagllausum gómum fram undan eru andstyggilegar. Að af loknum handþvotti skal ýta naglhúðunni upp á við með handklæði eða þar til gerðu verkfæri, því að ofvöxtur

í naglholdi lýtir neglur og verður oft að sárum annöglum, ef það verður fyrir hnjaski. Við og við má núa neglurnar með mjúkum vikursteini, og fága þær síðan með strokfæri úr leðri (leðurþjöl). Sé stökt í nöglunum, er gott að nudda þær oft úr lanolíni. Það þarf varla að taka fram, að þvo skal vandlega neglur og bursta með naglburstum, því að „sorgarrendur" undir nöglum eru enn þá ógeðslegri en sorgarrendur á vasaklútum, sem áður er um getið.

Þá skal stuttlega vikið að glófum. Varist saumsprettur á glófum, látið ekki vanta hnappa í þá. Glófar falli vel að höndum og fingrum. Bera skal jafnan dökkleita á götum og á konum séu þeir svo upphair, að aldrei skíni í beran arminn. Útflúr á glófum þykir ósmekklegt, enda eru þeir þá oft óþægilegir viðkomu, þegar í hönd er tekið. Hanzkar eða glófar úr baðmull eða silki þykja ekki smekklegir, með því að þeir gera hendurnar luralegri en skinnglófar. Hér er eingöngu um götu- og bæjalíf að ræða. Væntanlega halda Íslendingar í sveitum, á ferðalagi og í vetrarhörkum, fast við ullarvetlinga sína, enda munu þeir hentugri hér sem margt annað heimanfengið, en aðkeyptir vetlingar sunnan úr löndum.

25. Hvað er um framgöngu?

Góð framganga ber vott um mentun og gott uppeldi. Þó má einnig temja sér hana.

Það er ófögur sjón að sjá menn dragast um jörðina hálfbogna og því nær bæði ferhenda og ferfætta, með því að þeir hafa enga hugmynd um, hvað þeir eiga að gera með höndum og fótum, að sjá menn vera að þvælast á milli stóla og vera einlægt að reka sig á, eða húka á stólum en sitja ekki, vel ef þeir ekki nudda hnjákollana og róa sér. Framgangan sé eðlileg, menn séu beinir en ekki fattir, og liprir og mjúkir í framgöngu. Góð framganga gefur oftlega óálitlegri manneskju göfugt yfirbragð, auk þess sem hún styrkir heilsu líkamans. Menn mega ekki drúpa höfði sem aflóga húðarklárar, heldur skulu þeir bera sig frjálsmannlega, en þó eðlilega, svo sem manninum sæmir, „kórónu sköpunarverksins." Menn skulu mjúkir í gangi, hitt varðar minstu, hvort hratt eða hægt er gengið, enda ræður því vanalega skapferli manna o. fl. Góð framganga gerir stóran mann tígulegan og höfðinglegan, en lítinn mann snotran og geðslegan. Allir sjá, hve fögur framkoma gerir gamalt fólk, jafnt konur sem karla, tígulegt og skreytir hærurnar. En hér er sem annarstaðar fyrir öllu, að framgangan sé *eðlileg*. Menn verða að forðast, að vera sem á

hjólum, eða líta út sem danskennarar í námstundum. Sönn prúðmenska hatar bæði tildur og klunnaskap. Þó er — af tvennu illu — betra að vera stirður sem naut, sé það meðfætt, en óeðlilegur api.

III.

MÁL OG VIÐRÆÐUR. VENJUR.

26. Hvernig eiga siðaðir menn að tala?

Fyrsta krafan er að tala hreint, óbjagað en ófornyrt mál, ekki einungis í orðavali, heldur og í framburði, sem jafnan skal vera hreinn og glöggur. Máttur framburðarins er mikill, því að svo sem góður framburður getur gert góða ræðu ágæta á að hlýða og lélega ræðu þolanlega eða jafnvel að meðalræðu, þannig skemmir eða prýðir vondur eða góður framburður viðtal manna. Þá er ekki heldur nægilegt, að orðin komi rétt, heldur verða þau einnig að berast fram með hæfilegum hraða. Það er kvalræði að hlusta á menn, sem hálfstama við annað hvert orð, eða margtyggja upp sama orðið, draga seim á orðunum eða bæta framan við þau alls konar aukahljóðum (svo sem e-, me-, ne-, o. s. frv.). Einnig þreyta langar setningar og of miklar endurtekningar í máli, áherzla sé hæfilega sterk og á réttum stöðum, á atriðisorðunum í setningunni. Hvorki skal tala mjög hátt né tauta í barm sér; bezt með-

alhóf í því sem öðru. Það er hvorttveggja, að lítið er um mállýzkur hér á landi, enda fer bezt á, að talað sé sem líkast léttu alþýðlegu lesmáli. Orðskrípi og latmæli ber að forðast sem heitan eldinn, einnig að hrúga útlendum orðum eða orðatiltækjum inn í tal sitt. Það er og ljótur vani, sem kaupstaðarfólki hættir sérstaklega við, að fylla mál sitt dönskuslettum eða slettum úr öðrum tungum, eða flytja þýðing orða úr útlendu máli af sameiginlegum norrænum uppruna inn í móðurmálið (sbr. „sætur“ í merkingunni söd = yndislegur, elskulegur); ennfremur eru hugsanamótsetningar í lýsingarorðum varhugaverðar í máli, svo sem „skelfilega skemtilegt,“ „óttalega fallegt“ o. fl.

27. Hvað eru viðræður (konversation)?

Svo er um oss Íslendinga sem fleiri þjóðir, að oss er tamara að nota orðið „konversation“, sem lánað er úr máli lipurðarinnar og kurteisinnar, frakkneskri tungu,, en íslenzk orð um kurteisar og liprar viðræður eða samtöl manna á milli, í veizlum og í samkvæmum, enda mun mál vort eiga langt í land að ná þeim tökum á þessu efni, sem það hefur náð í ýmsum öðrum greinum, svo sem sögustíl og skáldskap, sem eðlilegt er um þjóð, alda upp í fámennu og strjálbygðu landi. Auk þess er létt og lipurt viðtal sérstök gáfa — ein grein

umgengnisgáfunnar — sem alls ekki er öllum gefin. Jafnvel mælskumenn og afburða gáfumenn geta verið gersneyddir henni. Þótt orðið fljóti af vörum þeirra í ræðu formi „sætara en hunang“ eða snjallar hugsanir úr penna þeirra, getur þeim verið varnað alls fimleika í viðræðum og samtali, svo að orðið deyr bæði á tungu þeirra og umhverfis þá.

28. Um viðræðuefni.

Það mun þykja kynlegt, að menn skuli geta komist í þrot á viðræðuefni innan um allan þann aragrúa af samtalsefnum, sem bókmentir, vísindi, listir og daglegt líf hafa upp á að bjóða, en samt er það svo, enda er „svo margt sinnið sem skinnið,“ og það er einmitt eitt aðaleinkenni góðrar umgengnisgáfu að hafa glögt auga á, hvað sérhverjum henti bezt í samtali og viðræðum. Fjölhæfi og fróðleiksfýsn eru ágætir eiginleikar, sem koma í beztu þarfir í þessum efnum, því að af öllu má of mikið gera, og þótt það sé ágætt að vera góður búmaður, vísindamaður, skáld o. fl., þá getur þó orðið hvimleitt að heyra menn jafnan vera að tala um sjálfa sig og sín áhugamál. Hrókaræður í veizlum eða viðtali um búnað eða vísindi, listir, skáldskap eða stjórnmál geta verið góðar, þarflegar og skemtilegar, þegar menn eru í sínum hóp, en afar svæfandi

og hjáleitar innan um fólk, þar sem hver er af sínu sauðahúsi, eða menn jafnvel fráhverfir því, sem um er talað. Það hlýtur t. d. að hafa verið dauf skemtun fyrir vesalings vinnufólkið á prestsetrinu hérna um árið, þegar blessaður sveitapresturinn var að þylja upp fyrir því latnesku málfræðina hans Madvigs — því til skemtunar á vökunni!

Fjölhæfir, liprir og smekkvísir menn munu jafnan geta fundið eitthvert það umtalsefni, sem henti þeim, er þeir eiga tal við í þann og þann svipinn, enda er úr mörgu að velja, svo eru þau mörg orðin viðfangsefnin í mannlegu lífi, og svo hraðfleygar fréttirnar úr veröldinni, að eitthvað af því hlýtur flesta að fýsa að heyra, sem ekki eru andlegir þorskar, tildurdrósir eða moldvörpur. Þau umtalsefni eru til, sem varlega skal með fara, svo sem stjórnmál og einkum trúmál; menn eru oft svo logheitir í stjórnmálaskoðunum sínum, að tæplega er nærrri þeim komandi, svo að ekki kvikni í þeim, og um trúmál ætti helzt aldrei að ræða í samkvæmum, því að þau eru mörgum svo viðkvæmt og hjartfólgið atriði, að lítið ógætilegt orð getur oftlega orðið að bitrum og særandi brandi.

Í viðræðum kemur sér vel að vera sem víðlesnastur og fjölfróðastur. Þeir, sem vilja bera af öðrum í viðræðum og umgengni, ættu því að

kynna sér sem bezt góð blöð og einkum fræðandi tímarit almenns efnis, með því að á mannfundum ber margt á góma, sem gott er að bera eitthvert skynbragð á, og „oft er sá í orðum nýtur, sem iðkar mentun kæra, en þursinn heimskur þegja hlýtur, sem þrjózkast við að læra," og „forsiglaðir" munnar verða leiðinlegir, þegar til lengdar lætur. Hæfilegur stuttleiki í orðum og andsvörum með skýrleik í máli er perla — hnoss, sem er því miður alt of fáum gefin, enda þarf sérstaka gáfu og mikla mentun til að koma sem allra mestu efni fyrir í sem allra fæstum og þó vel völdum orðum.

En það eitt er ekki nægilegt, að kunna að vekja athygli manna á orðum sínum. Menn verða einnig að temja sér að *hlýða með athygli* á tal annara, einnig þótt þeir telji sig það engu varða, því að eftirtekt er bæði kurteisisskylda, og svo aflar hún einnig vinsælda.

29. Hvað ber einkum að varast í viðræðum?

Um fram alt það, að láta ekki bera of mikið á sér sjálfum. Talið sem minst um yður sjálfa, um þekking yðar og hæfileika, þjáningar yðar og sorgir, yðar og þeirra, sem yður eru nákomnir. Forðist að láta fyndni yðar koma niður á öðrum, því að „oft fær grimmur hundur rifið skinn," og svo ber það jafnan vitni um ruddaskap í sálunni

að hafa gaman af að gera aðra að athlægi. Þó er græskulaust gaman leyfilegt, ekki sízt, ef menn um leið gefa höggstað á sjálfum sér og henda gaman að eigin breyzkleika. Leggið ekki hlustirnar við tali mannorðsníðinga, en ef þér neyðist til að hlýða á þá, takið þá málstað þess, sem ófrægður er, heimtið rök, berið í bætifláka fyrir fjarstadda, afflutta, varnarlausa menn og dæmið milda dóma.

Segið ekki alt of margar smásögur eða skrítlur, þær krydda málið í svipinn, þegar þær eru hóflega notaðar, en verða væmnar, eins og fyndnin, þegar hver fer að reka aðra, og verða þá einnig tæplega allar jafnsmellnar. Og varlega gerandi að segja margar sögur úr eigin lífi, því að „blindur er hver í sjálfs sín sök," og ekki við að búast, að öðrum sje jafnhugleikið sem sögumanninum það, sem á daga hans hefur drifið.

Í viðræðum er eðlileg framkoma aðalatriðið, sem í öðrum efnum. Látlaust, hispurslaust mál, einfalt látbragð. Sem minst af látbrigðum (gestikulationum); þau eiga betur við á leiksviðunum. Og svo að síðustu: Orðleikni og snarræði eru meðfædd gáfa, ágæt gjöf fyrir sig að bregða, en verður ekki lærð af lífi eða bókum.

30. Er nauðsynlegt að tala erlendar tungur?

Já, ef hugurinn leitar langt, eða að minsta kosti

út fyrir átthaga og föðurland. Fræðsla í aðalmenningarmálum heimsins verður með degi hverjum nauðsynlegri. En það er bót í máli, að þekking í enskri tungu nær býsna langt nú á dögum og má því komast af með góða þekkingu í henni víðast hvar í heiminum, þótt ekki sé öðru til að dreifa en henni, auk móðurmálsins, sem í þessum efnum má kalla oss alónýtt, þegar út fyrir landsteina er komið. En víst er um það, að menn standa því betur að vígi í þekkingartækjum, og einnig í lífsbaráttunni, því fleiri tungur sem menn kunna. Næst ensku má telja þýzku oss Íslendingum hagkvæmasta, bæði sakir bókmenta hennar frumsamdra og í þýðingum, skyldleika hennar við mál vort og vaxandi viðskifta milli beggja þjóðanna.

31. Hvað er meira að segja um viðræður?

Margt fleira, sem örðugt er alt upp að tína. Hér skal að eins bent á nokkur atriði.

Forðist alt hvíslur í viðurvist annara, hvort heldur einn eða fleiri eru viðstaddir, hvort sem þér ætlið að tala í hljóði við kunningja yðar um þá, sem viðstaddir eru, eða um þeim óviðkomandi efni. Alt hljóðskraf í viðurvist annara er ljótt og ekki alsendis hættulaust, því að mörgum hættir við að styggjast af því og gruna, að verið sé að segja eitthvað grunsamt um sig. Þetta er

ósiður, sem er unglingum, einkum ungum stúlkum, því miður of tamur.

Þá er og ljótt og ókurteist, að taka fram í fyrir öðrum. Sumum er þessi ósiður svo tamur, að það er oft illmögulegt að enda svo setningu, að þeir séu ekki áður byrjaðir á mótmælum eða samsinning eða viðbótum, jafnvel áður en þeir geta áttað sig á, hvað sagt hefur verið. — Þá mega menn ekki heldur vera mjög orðsárir og þykkjast við hvert græskulaust gamanyrði. Séu þeir það, þá verða þeir að venja sig af því; að öðrum kosti verða þeir ýmsum, ekki sízt kátum mönnum, hvimleiðir. — Enn fremur skal forðast alla áfergju, forvitni og framhleypni. Varist t. d. allar spurningar í garð annara um efnahag þeirra, hjúskapar- og heimilislíf og önnur þeim nákomin einkamál, sem þeim getur oft verið óþægilegt að svara. Nærgöngull maður er venjulega ósmekkvís og óprúður maður. — Þrasgirni er hvimleiður kvilli. Viti menn betur en aðrir, þá má leiðrétta það, sem sagt er, á lipran hátt, en takist það ekki, þá er betra að hætta og byrja á nýju umtalsefni, en að berja blákalt fram skoðanir sínar, og standa á þeim eins og hundur á roði. Sumir menn eru svo þrasgjarnir, að þeir eru drep í öllum fagnaði, og það eru vanalega sízt vitmennin, sem hegða sér þannig. Hártoganir og orðaleikar — þótt stundum geti góðir verið — verða til lengdar afar þreyt-

andi, enda oft smátt í það mannvit spunnið, sem temur sér þess konar glingur. Varist og alla notkun erlendra orða, sem þér ekki vitið, hvernig skal fram bera, eða skiljið ekki, því að fátt er hlægilegra en að heyra menn vera að stagast á orðum, sem verða að ambögum eða orðskrípum og axarsköftum. — Þá er og ósiður mikill að gefa orðum annara ranga áherzlu og rangfæra þau sér í vil, eða öðrum til meins. Oflof og last er einnig leiður ávani, sem ber vitni um dómgreindarskort eða hræsni annars vegar og vonda lund eða illvilja hins vegar.

32. Um ávana og kæki.

Þeir eru býsna margir, því að flestir munu hafa einhverja kæki, oft sér óafvitandi, en vegna þess, að örðugt er að þekkja sjálfan sig, þá sjá menn það oft í fari annara, sem þeir sjá ekki hjá sér sjálfum. Það er gamla sagan, um flísina og bjálkann. En hver sá ávani eða kækur, sem er ófagur eða hefur óþægileg áhrif á aðra, kemur í bága við prúðmensku og smekkvísi.

33. Hvað skal varast, til þess að verða ekki ósiðaður talinn?

Í þessu efni mun athygli og eftirtekt verða notadrjúgust, og því nauðsynlegt að kynna sér sem

bezt siðu háttprúðra manna. Hér skal einungis talið fátt eitt, sem öllum ber að varast: Leggið ekki handleggina upp á borðin. Nuddið ekki höndum um hné. Róið ekki í sessi. Varist skellihlátur; kastið yður ekki aftur á bak með galopinn hlæjandi munninn og sláið ekki á lærin eða hnén. Forðist að hnerra hátt, ef unt er, því að þá afskræmist andlitið. Hafið munninn lokaðan, þegar þér eruð ekki að nota hann. Notið vasaklútinn gætilega, og snýtið yður ekki svo hrottalega, að við kveði sem Þórdunur. Talið aldrei við nokkurn mann með vindilinn eða vindlinginn í munninum, né heldur undir borðum með munninn fullan. Berið aldrei hnífinn upp í munninn og skerið ekki alt í bita, sem á diskinum er, áður en þér farið að snæða. Snertið aldrei fiskinn með stálhnífsegginni. Séu ekki fiskhnífar úr silfri á borðum, (sbr. 56. bls.), skal einnig nota matforkinn og brauðstykki við fiskinn. Sleikið ekki af matforki né hníf að loknum málsverði. Og svo að síðustu: Takið eftir, hvernig aðrir, sem betur kunna, haga sér. Það er bezti skólinn.

34. Hverjir kækir eru mönnum hvimleiðir?

Til dæmis sá, að rífa í þann, sem talað er við, að slá á herðar honum eða handlegg, eða lær, eða taka í hnappana á fötum hans. Þá eru geisp-

ar og hikstar einnig óhæfir, og er betra að yfirgefa samkvæmi, ef mikil brögð verða að. Oft hverfur samt hiksti, ef bergt er nokkurum sinnum á köldu vatni eða lengi haldið niðri í sér anda. Þeir, sem eiga vanda fyrir hiksta, ættu jafnan að bera á sér lítið hylki með tvíkolsúru natróni og taka örlítið inn af því á hnífsoddi, þegar þörf gerist, þannig að lítið beri á. — Hræðilegt er að sjá menn fara að stanga úr tönnum sér eftir máltíð. — Þá er einn ósiður skeggjaðra manna sá, að vera einlægt að strjúka skeggið eða rífa í það, og stara svo á hárin, sem losna, eins og tröll á heiðríkju, eða snúa þeim milli fingranna. Að blístra eða syngja í hálfum hljóðum, meðan verið er að tala við mann, er ósiður og ókurteisi við þann, sem menn eiga orðastað við. — Þá er og leiður vani að láta lengi vera að dekra sig til að syngja eða spila, áður en menn loks fást til þess. Og þó er enn verra að geta svo aldrei hætt, þegar loksins hefir tekizt að fá þá að hljóðfærinu, og hið sama er að segja um hverja aðra frammistöðu í félagslegum hóp. Ýmsir eru fleiri kækir og ávani, og sumir þeirra mjög ógeðslegir, svo sem að tyggja matinn „smjattandi," í stað þess að tyggja með lokuðum munni. Þá er einnig leitt að sjá menn spýta ávaxtakjörnum, smábeinum o. fl. út úr sér niður á diskinn, í staðinn fyrir að nota matforkinn sér til hjálpar, enda

eðlilegt, að hann sé notaður til að losa munninn við það, sem oftast er látið á forkinum inn í munninn. — Menn skulu einnig ganga hreinlega frá mat sínum, og ekki káma alt út umhverfis sig, hvorki sig sjálfa, föt sín eða borðdúkinn. Matþerruna (serviettu) skal einungis nota til að þurka sér um munninn, aldrei til að þurka af sér svita eða til annara nota, sem vasaklútnum eru ætluð. — Tölum aldrei um, að vér séum í kófi, löðri, svitabaði eða því um líkt, því að slíkt vekur óþægindi hjá öðrum. — Ropar eru viðbjóðslegir, og engin vörn í máli, að ekki sé hægt „að gera við þeim.“ Það er ógeðslegur ávani, sem hægt er að venja sig af, og aldrei þarf að verða nokkurum tamur. — Ljótur ávani er einnig, að naga neglur og kemur hann fram á útliti naglanna, sem oft eru nagaðar upp í kviku. — Ruddalegt er að hreinsa neglur í viðurvist annara, ekki sízt í samkvæmum, en víst er það nauðsynlegt og skal gerast, sem svo margt annað þarflegt, í einrúmi. Um óhreinar neglur, eða svo nefndar sorgarneglur, er áður talað.

Auðvitað mætti margt fleira hér til nefna, en rúmið leyfir ekki lengra mál um þetta atriði.

IV.

HEIMSÓKNIR OG HEIMBOÐ.

35. Hverjar eru heimsóknir?

Bæði skylduheimsóknir og kurteisisheimsóknir. Skylduheimsóknir eru t. d. þær, sem mönnum ber að gera yfirmönnum sínum. Kurteisisheimsóknir eru meðal annars kynningarheimsóknir, gagnheimsóknir, heimsóknir eftir heimboð, hvort sem því er tekið eða ekki, hamingjuóska-, samhrygðar-, kveðju- og vináttuheimsóknir og fleiri heimsóknir í sérstökum tilgangi.

36. Hvað er athugavert við þessar heimsóknir?

Í fyrsta lagi klæðaburðurinn, en hans er áður getið (sbr. 8.—9. bls.). Þá eru og nafnseðlar (visitkort) nauðsynlegir, þegar um heimsóknir er að ræða, því að oft getur fyrir komið, að sá, sem sóttur er heim, sé ekki viðstaddur. Nafnseðlar séu í meðallagi stórir, úr sterkum, hvítum, stinnum pappír (pappa). Þar á skal steinprentað eða á annan hátt letrað fornafn, nafn og titill

(atvinna). Mislitir, gljáandi, nafnseðlar þykja nú ósmekklegir. Bezt, að þeir séu lausir við alt glingur, svo sem vopn, kórónur og rósaskraut kringum upphafsstafina. Alt slíkt ósmekklegt. Og sama er að segja um titlana; þeir séu sem einfaldastir. Smekkleysi að fylla nafnseðla með löngu titlatogi og telja upp á þeim félög þau, sem menn eru meðlimir í, eða orður þær, sem menn bera. Allar þess kyns þulur bera vitni um hégómahátt og prjál. Nú er víða orðið algengt, að hjón hafi sameiginlega nafnseðla (t. d. „Herra og frú Blöndal, Eggerz, Thors, Viðar“ o. s. frv.), og í fjölmenninu í útlöndum er oftlega, til aðgreiningar frá öðrum með sama ættarnafni, bætt við fornafni mannsins, (t. d. „Herra og frú Olaf Hansen“ o. s. frv.). Á sameiginlegum hjónanafnseðli skal slept titli mannsins. Oft getur komið sér vel að hafa letrað heimilisfang sitt neðan á nafnseðilinn (vinstra megin).

37. Hvernig eru nafnseðlar notaðir?

Þeir standa í nánu sambandi við heimsóknirnar. Þeir eru afhentir þeim, sem kemur til dyra, og hann beðinn að grenslast eftir, hvort húsbændurnir, eða sá, sem gert er boð fyrir, séu heima. Með þessum hætti er þeim í sjálfsvald sett, hvort þau taka á móti heimsækjanda eða ekki, enda alltítt eða telja sig ekki heima, þegar menn ein-

hverra orsaka vegna ekki geta eða vilja sinna gestum. Komi þjónn eða þerna með þau skilaboð, að húsbændur séu „ekki við látnir“ eða „ekki heima,“ skal heimsækjandi fara. En það fer eftir ástæðum, hve mörgum nafnseðlum hann skilar. Sé sá ókvæntur, sem heim er sóttur, skal heimsækjandi einungis skila nafnseðli sjálfs sín, aldrei konu sinnar. Við heimsókn hjá kvæntum manni skili ókvæntur heimsækjandi tveim nafnseðlum, en kvæntur maður skilji eftir sameiginlegan nafnseðil sinn og konu, eða konunnar og sín, hvorn í sínu lagi. Sé heimsóttur maður ekkjumaður, og lifi einn út af fyrir sig, fer um hann sem ókvæntur væri, en sé fulltíða dóttir eða önnur kona fyrir framan hjá honum, þá afhendi heimsækjandi nafnseðla sem hjá kvæntum manni. Og sama er að segja um heimsóknir hjá ekkjum eða ógiftum konum. Séu dætur heimsækjanda í för með honum, en vanti nafnseðla, bætir hann við á seðil sinn „með dóttur“, eða „með dætrum.“ Fullorðnir synir hafi sjálfir nafnseðla.. Grípi heimsækjandi í tómt, brýtur hann upp á vinstra horn seðilsins til merkis um, að hann hafi sjálfur komið með seðilinn, en ekki sent hann með þjóni eða leiguboði, því að slíkt er ókurteisi og ósiður. Sumir hafa og haft fyrir sið, að tilkynna með tveim stöfum tilefni heimsóknar, svo sem *p. f. (pour féliciter*, þ. e. til að óska hamingju), *p. c. (pour*

condoler, þ. e. til að samhryggjast), *p. p. c. (pour prendre congé*, þ. e. til að kveðja). Orðin eru frönsk, en Íslendingar gætu sett aðra stafi, svo sem t. h.: til hamingju, t. s.: til samhrygðar, t. k.: til kveðju.

38. Hvernig skal koma fram í heimsóknum?

Menn taki fyrst af sér skóhlífar og yfirhafnir (konur einnig skóhlífar, og leggi frá sér votar regnhlífar og fari úr yfirhöfnum, þegar vont er veður), karlar gangi með hattinn í vinstri hendinni inn í móttökuherbergið, heilsi síðan fyrst húsmóðurinni og því næst húsráðanda. Eftir það er boðið er til sætis, setjist menn hispurslaust í þann sess, sem þeim er boðinn, með hattinn í hendinni, hafi þeim ekki verið boðið að leggja hann frá sér. Konur haldi að sjálfsögðu hönzkum á höndum sér, hatti með blæju á höfðinu, en lyfti blæjunni frá andlitinu. Komi nýir gestir, skal staðið upp með húsbónda og húsfreyju og ekki aftur sezt niður að af lokinni kynningu, nema manni sé aftur boðið til sætis. Verði dráttur á því, skal kveðja húsráðendur og halda af stað. Um viðræður er áður talað.

39. Hve lengi skal heimsókn vara?

Ekki lengur en fjórðung stundar, nema menn séu nákunnugir í húsinu. En ekki skal horfið brott

skyndilega, heldur beðið byrjar eða tækifæris, svo sem þegar einhverju umtalsefni er lokið.

40. Hve nær er réttur heimsóknartími?

Hann fer mjög eftir venjum á hverjum stað og í landi hverju, og er réttast að grenslast eftir, hve nær sé vanalegur miðdegisverðartími þar, sem menn eru staddir. Víða er heimsóknartími milli 5 og 6 síðdegis eða upp úr hádeginu. (Ýmsir seilast til að nota tímann stundu fyrir máltíð til heimsókna).

41. Framkoma í heimsóknum.

Hún er list fyrir sig og fátt kemur fyr upp um menn, hvernig siðum þeirra er háttað, en hálfrar stundar dvöl í gestastofu. Hér eru þau vaninn og viðleitnin, samfara góðri umgengnisgáfu, notadrýgst. Vanalega fálm í byrjun. Öryggin kemur með æfingunni. En hér skal sem áður tekið fram, að menn mega alls ekki fórna séreðli sínu á altari kurteisinnar.

42. Hvað tekur fyrst við, þegar inn er komið?

Fyrst er að heilsa upp á frúna í húsinu, eða þá konu, sem veitir því forstöðu; þá húsbónda og annað skyldulið hans; síðan skal heilsað við-

stöddum gestum og beðið um að kynna sig þeim, sem manni eru ókunnir.

43. Hverjum má hönd rétta?

Handtakan er góður og gamall enskur siður og þaðan komin til Þjóðverja og ýmissa annara þjóða á meginlandi Norðurálfunnar. Hún er blátt áfram og miklu viðkunnanlegri en öll „komplíment". En kurteisin og hótfyndnin hafa takmarkað þenna sið á þann hátt, að ekki þykir við eiga að rétta konum hönd að fyrra bragði, en ef til vill hverfur sá siður brátt með vaxandi jafnrétti kvenna og hnignandi riddaraskap karla í þeirra garð. Húsfrúin mun venjulega rétta gestinum að fyrra bragði hönd sína og þar með láta í ljós, að hann sé velkominn. Eldri maður réttir yngri manni fyr hönd, en rétti gömul kona ungum manni hönd sína, þá hafa ýmsir látið sér skylt, að kyssa á hana. Þetta skal sagt einungis til athugunar, en ekki til eftirbreytni, því að innleiða slíkt „kossaflens" hér á landi, mun vera hreinn óþarfi.

44. Fyrir hverjum skal láta kynna sig?

Þetta er eitt af mikilvægum atriðum siðreglnanna. Einn af siðmeisturum nútíðarinnar hefur safnað því merkilegasta þar að lútandi í þau 10 laga boðorð, er hér fara á eftir: 1. Menn dvelji

aldrei drykklanga stund ókyntir í félagsskap, því að með því móti firra menn sig honum í stað þess að nálgast hann. 2. Menn fái sig kynta *öllum* þeim, sér ókunnugum, sem við staddir eru, en velji ekki úr. Kurteisin skaðar engan, en óvirðing særir. Og sé einhver alókunnugur, þar sem hann er staddur í boði eða félagsskap, þá er honum skylt að beiðast fyr kynningar. En sé hann heimagangur í hópnum, þá má hann bíða átekta í þeim efnum, þegar hann er samvistum við sér yngri ókunnuga menn. 3. Maður er jafnan skyldur að láta kynna sig þeim, sem eldri er. 4. Sá, sem er óæðri að metorðum, skal — að öðru jöfnu — láta kynna sig þeim, sem ofar stendur. 5. Menn beri greinilega fram nöfnin, þegar kynning fer fram. 6. Menn kynni aldrei konu karli, heldur ætíð karl konu. 7. Þegar karl er kyntur konu, skal nefna nafn hans fyrst. Kynni maður tvær persónur hvora annari, skal síðar nefna nafn þeirrar, sem hærra stendur í stöðu eða áliti. 8. *Aldurinn gengur fyrir nafntign og metorðum* og gamlir karlar og konur standa einnig það betur að vígi, að þau þurfa ekki að láta kynna sig yngra fólki, heldur ber því að kynnast þeim. 9. Hafi húsbónda láðst að kynna einhvern gesta sinna, skal gesturinn biðja hann, eða annan sér kunnan, að gera það. En oft er líka leyft og mjög oft boðið, að menn kynni sig sjálfir. Í mjög

fjölmennum heimboðum eða veizlum verður oft örðugt að uppfylla allar kynningarskyldur sínar, en hljóti maður sæti við borðið hjá sér ókunnum karli eða konu, eða fundum þeirra beri saman á annan hátt, skal hann kynna sig samstundis.
10. Þar sem margt kemur til greina og vafi er á, hvort kynna skuli yngri mann hærra settan eldri manni í lægri stöðu eða hið gagnstæða — en það kemur sérstaklega fyrir um konur — þá verður smekkvísin að ráða. Því meiri og næmari sem hún er, því minni hætta er á, að illa takist.

45. Er leyfilegt að skoða húsgögn, myndir og annað í gestastofum og sölum?

Hví skyldi það ekki vera leyfilegt? En skoðun á ekki saman nema að nafninu. Það getur aldrei verið nema skemtun fyrir eigendur að heyra menn dá fagrar myndir og önnur listaverk í húsum þeirra. Aftur á móti er með öllu óleyfilegt að skygnast um og stara á alla hluti í herbergjum, rjúka í hvað sem fyrir er og handleika það af tómri forvitni.

46. Skal sýna mönnum hugulsemi í samkvæmum?

Auðvitað — og um fram alt húsráðendum. Verði maður var við, að þeir séu að burðast með

eitthvað, opna hljóðfæri o. s. frv., þá skal hjálpa þeim eftir föngum. Þó svo, að greiðviknin líti hvorki út sem þýlyndi eða áfergja. Einnig heimta góðir siðir, að menn taki upp fyrir aðra það, sem þeir missa úr höndum sér, svo sem blævængi o. fl., þegar það dettur niður hjá þeim.

47. Mega menn sýna listir sínar í samkvæmum?

Já, en þó því að eins, að þeir séu beðnir um það og hafi hæfileika til þess. Það er ókurteisi og framhleypni að gera slíkt óbeðið og jafnókurteist er að kynoka sér og láta dekstra sig til þess, sem maður þó ætlar að gera. Sá, sem leikur vel á hljóðfæri, syngur vel, eða kann einhverja aðra list, sem menn hafa unun af, gefi sýnishorn hennar, ef um er beðið, án mikilla afsakana og með sem minstum formála og endurtaki það. eða breyti til, ef allir óska þess. En menn mega ómögulega vera eins og spiladós, sem miskunnarlaust hespar af sér öll lögin sín, þegar hún hefir verið dregin upp.

48. Hvernig eiga menn að koma fram við þá, sem þeim eru ógeðfeldir?

Þá reynir á að geta stjórnað geði sínu og haft vald yfir sjálfum sér. Sumir brosa yfirburðabrosi

að öllu, sem við þá er sagt, aðrir leggja í vana sinn að andmæla flestu, sem sagt er. Enn aðrir hafa ýmsa kæki og ávana, svo sem áður er sagt. Öllu slíku ber að taka ýmist með þögn eða þolinmæði eða hvorutveggja, eftir atvikum og afstöðu yðar til þeirra, sem sekir gerast, enda bezta refsingin að láta lýtalausa framkomu yðar sýna yfirburði yðar yfir þeim. Sumir eru leiðinlegir, aðrir hlægilegir; þann kross verða menn að þola í nafni félagsskaparins og láta ekki á sér bera, þótt þeir ætli að drepast úr leiðindum eða springa af hlátri. Sögur gamalla manna verða menn t. d. á að hlýða með athygli, þótt þær séu hundgamlir kunningjar.

49. Hvers vegna ber sérstaklega að sýna gömlu fólki þessa kurteisi?

Vegna þess, að ellin á heimtingu á, að tekið sé miklu meira tillit hennar en alment gerist nú á dögum. Ungir menn gera sig nú iðulega seka í sorglegu skeytingarleysi og ræktarleysi í þeim efnum. Þeir eru engir Spartverjar í framkomu sinni við ellina. En fyrir þeim sjálfum liggur og að eldast, og þá munu, þótt síðla verði, opnast augun fyrir sumum þeirra, og iðrun fylgja þessum ósóma. En tæplega verður þeim þægilegt að krefjast þeirrar virðingar af ungmennum, síðar í lífinu, fyrir ellinni og hærum hennar, sem þeir hafa sjálfir gleymt

að sýna á ungum aldri. Ellin er oftlega skrafdrjúg og langorð og oft vill hún verða á eftir tímanum í skoðunum sínum, því að mörgum veitir erfitt að fylgjast með tímanum, sem öllu breytir, bæði mönnum og málefnum, og þær skoðanir og þá siði, sem þeir hafa í sig drukkið á æsku skeiði, er þeim oft torsótt um að skifta, jafnvel þótt þeir séu allir af vilja gerðir, því að sönn er setning sú, að „það ungur nemur, gamall temur“, og svo kemur í viðbót trygðin við það, sem lært er í æsku, tíminn gerir það ef til vill miklu dýrlegra en það var og því er það, að „aftur horfir ellin grá.“ Það er óþarft og ónýtt verk að reyna að hafa áhrif á skoðanir gamalmenna, eins og þau gerast allflest, þau breyta þeim afar sjaldan, og því mun bæði réttast og siðlegast að hlýða á þau án andmæla; þau fá þá vanalega velvildarhug til þeirra, sem sýna þeim kurteisa eftirtekt og virðingu. Það ber vitni um gott hjarta og göfuga lund, að virða gamalt fólk og sýna því hlýleik og kurteisi.

50. Er spilaskemtun leyfileg í heimboðum?

Vissulega, enda eru spilaborð mjög almenn í húsum góðra manna með spilum fyrir whist, l'hombre o. s. frv., með því að spil eru mörgum manni hin besta dægrastytting, ekki síst rosknu fólki. Ýms eru þau spil hjá öðrum þjóðum, svo sem „Skat“, „Ecartè“, „Rabouge“ o. fl., sem ókunn

eru eða lítt kunn hér á landi, en hins vegar eru mörg erlend spil, svo sem „Piquet“ (sem mun vera eitthvert elzta spil álfunnar og skemtilegasta tvíspil, sem til er), „kasína“, „alkort“, „þríkort“, „lú“ o. s. frv., algengir húsgangar hér á landi, að ógleymdum „L'hombre“ og „whist“inni, sem getið hefur af sér afkvæmi það, er nefnist „Bridge“ og nú virðist vera í uppgangi miklum, svo hér sem annarstaðar.

Til eru og kurteisisreglur fyrir spilaborðum sem öðru í lífinu: Fyrst og fremst, sleiktu ekki þumalgóma eða vísifingurs, þegar þú flettir spilum eða gefur. Vertu ekki í vondu skapi, þótt þú tapir, né heldur upp með þér við meðspilara þína eða gáskafullur, þótt þú vinnir. Varastu að tala mikið yfir spilum, allra sízt um spilunum óviðkomandi efni. Forðastu einnig að skrafa og skeggræða um, hvernig spilið þitt hefði farið í það og það skiftið, ef þessi eða hinn hefði spilað þessu eða hinu spilinu út. Vertu ekki utan við þig yfir spilum — það þjáir góða spilamenn — og fylg spilunum með athygli, meðan þú spilar, því að hvimleitt er t. d. að heyra menn sífelt vera að spyrja, hver „eigi út“, hver hafi gefið, hvað sé „tromf“ o. s. frv. Spilir þú illa, er þér hentast að spila alls ekki.

51. Hvað er fleira að athuga við framkomu í boðum?

Að fara nákvæmlega út í það mál er óvinnandi, eða myndi að minsta kosti lengja þetta kver um skör fram. Hér skulu því að eins gefnar nokkurar bendingar, þær nauðsynlegustu. 1. Vertu ekki kaldur eða fálátur. Þeir gestir eru leiðir, sem svo eru. Ekki heldur of skrafdrjúgur, allra sízt um þína eigin hagi, sem flestir munu telja sig litlu varða. Vertu léttur í máli við alla, en ekki kumpánlegur um of; sértu eðlilegur og blátt áfram í tali, þá mun þér lánast að finna meðalveginn milli of og van. — 2. Gleym ekki að standa upp úr sæti, þegar konur koma inn í herbergið. 3. Varastu að sporðreisa stólinn, sem þú situr á. 4. Talaðu ekki yfir eða fram hjá öðrum manni, sem nær þér situr eða stendur. 5. Leyf öðrum að tala og vertu ekki hámæltur. Sítalandi menn eru vanalega leiðinlegir, en hyggnir menn bíða tækifæris. 6. Legg ekki í vana þinn að segja bæjarnýungar eða endurtaka og útbreiða þær. 7. Tak aldrei fram í fyrir öðrum. Komi það óvart fyrir, þá skal þegar þagna og beiðast afsökunar. 8. Vertu ekki hörundsár og ímyndaðu þér ekki, að þú sért sífelt hafður út undan. 9. Gakk aldrei á undan konum, heldur lát þær ganga á undan þér, þegar gengið er út úr herbergjum eða inn í þau. 10. Vertu ekki sífelt

að líta á úrið, og geispa ekki af þreytu eða leiðindum, því að þá gerir þú þig bæði hvimleiðan húsráðendum og spillir gleði samgesta þinna. 11. Vertu stuttorður, þegar þú kveður, og bíð ekki lengi við dyrnar — allra síst í þeim — áður en þú kemst af stað. Það er þreytandi að heyra menn fara að skrafa og skeggræða, þegar þeir eru t. d. að fara á hestbak, eða jafnvel komnir á bak, og sömuleiðis ömurlegt að heyra konur halda hrókaræður í fordyrinu, áður en þær hengslast af stað. 12. Menn skulu ekki vera of þaulsætnir. Það raskar félagsskapnum að leggja of snemma af stað úr boðum, en of mikil þaulsætni reynir á þolrif allra húsráðenda, hve gestrisnir sem þeir kunna að vera.

V.

MIÐDEGISVERÐIR, KVÖLDBOÐ OG DANSLEIKAR.

52. Hvað eigum vér að gera, þegar oss er boðið heim?

Svörum fyrst tafarlaust. Það er hrein og bein ókurteisi að draga á langinn að svara, hvort boð er þegið eða ekki, eða þá, það sem verst er, að svara alls ekki. Þótt herbergi séu rúmgóð, heimtar kurteist heimboð þegar í stað kurteist svar, en þar, sem þröngt er um pláss, er heimbjóðanda oft nauðsynlegt að vita sem fyrst, hvort boði er hafnað eða ekki, til að geta, ef svo er á statt, boðið öðrum í stað þess eða þeirra, sem úr ganga. Séu menn staddir heima hjá sér, mun oft nægja munnlegt svar til boðbera með þakklæti fyrir og afsökun, ef boðinu ekki verður sint, og ritar þá boðberi á lista sinn svarið við nafn þess, sem boðið er. En séu menn ekki heima, þegar boðseðillinn er afhentur, skal ætíð svara skriflega, og sama er að segja, þegar boð er sent í pósti.

53. Hvers ber að gæta í miðdegisverðum?

Fyrst og fremst að vera jafnan stundvís, ekki sízt til þeirra, því að þá eru oft margir réttir á borðum, og því mjög örðugt að halda mat heitum og óskemdum, meðan beðið er eftir óstundvísum mönnum, auk þess sem slíkt reynir mjög á þolinmæði gestanna, sem oft verða að bíða fjölmargir fyrir skeytingarleysi eins eða fleiri boðsgesta. Sumir kóróna svo hirðuleysið með því að afsaka ekki, hve seint þeir komi, sem auðvitað er það fyrsta, sem gera skal, jafnvel þótt góðar og gildar ástæður hafi töfinni valdið. — Þegar svo inn er komið, skal fyrst heilsað húsráðendum (bjóðendum), því næst skal hneigja sig fyrir öðru boðsfólki, og kynna sig síðan þeim, sem menn þekkja ekki. Þá segir húsráðandi gestum nöfn þeirra kvenna, sem þeir eru beðnir að taka til borðs. Þegar húsfrúin veit, að matur er á borð kominn, og menn fara að ganga undir borð, rétta karlar borðkonum sínum (hægri) handlegginn og leiða þær til þess sætis, sem þeim er ætlað, og hneigja sig lítið eitt um leið og þeir sleppa armlegg þeirra. Þegar konan er komin í sætið, sezt borðkarl hennar niður við hlið henni, en þó ekki fyr en húsfrúin er sezt í sæti sitt. Undir borðum skal reynt að finna létt og þægileg umræðuefni. Snúi borðkona sér stundum að sessunaut sínum til hægri handar, er rétt,

að borðkarl hennar yrði á sessunaut sinn á vinstri hönd, því að það er talin ókurteisi að vanrækja borðgranna sína.

55. Hvort skal fyr byrja viðræður undir borðum, kona eða karl?

Það verður að vera undir atvikum komið, hvort þeirra brýtur fyr ís þagnarinnar. Varðar mestu, að hann sé brotinn, enda næg tækifæri til þess að jafnaði. Áður var siður, að konur biðu eftir því, að borðnautar hæfu fyrst viðræður, en siður sá er nú úreltur og séu þær greiðari til orða en karlar, sem oft vill verða, er ekki nema skylt, að þær fái fyrsta orðið.

55. Hvernig skal til borðs setjast?

Hvorki of nærri né of fjarri borði. Matþerruna leggi menn á hné sér hálf-útbreidda, en varist að setja hana undir höku sér, eins og sumir gera. Sé einhver sá klaufi, að hann geti ekki að öðrum kosti matazt, án þess að óhreinka sig, er bezt fyrir hann að sitja heima, svo að aðrir þurfi ekki að horfa upp á fullorðna menn sitjandi með slefudúk að barna sið.

56. Hve mikið má snæða?

Þótt undarlegt kunni að virðast, er þessi spurn-

ing alls ekki ástæðulaus, því að sumir hyggja, að það sé eitt af atriðum kurteisinnar að láta sér einungis nægja „reykinn af réttunum“, og sé einhver réttur boðinn í annað sinn, forðast þeir eins og heitan eldinn að bragða aftur á honum, af ótta við, að menn haldi þeir séu hungraðir. Einkum er þetta títt um konur. En fyrst og fremst er þetta sízt af öllu kurteisi við húsfrúna, sem oft leggur sig í líma til að gera matinn sem ljúffengastan og girnilegastan, og svo er hins vegar góð matarlyst ein af guðs gjöfum, sem ekki má skammast sín fyrir. Menn borði því eftir lyst sinni, því að réttirnir eru auðvitað á borð bornir til að neyta þeirra, en ekki til að afneita þeim. Hins vegar má ekki heldur gera sig sekan í andstæðum öfgum, að éta svo mikið, að menn ætli að springa, því að óhóf í mat og drykk er hvorki fagurt né heilnæmt.

57. Hverjar eru reglur yfir borðum?

Um ógeðslega átsiðu er talað hér að framan. Enn skal í þessum efnum sem fyr brýnt fyrir mönnum að athuga vel, hvernig aðrir matast, þeir er betur kunna. Hér skal í stuttu máli einungis tekið fram það helzta: 1. Étið súpu af skeiðvörinni, en ekki af hlið hennar. 2. Beygið yður ekki yfir diskinn, er þér matist. 3. Bítið ekki sundur brauðið, heldur brjótið það. 4. Étið aldrei með

hnífnum né stingið honum upp í yður. Þegar fæðan er skorin, skal færa hana á matforkinum að munni sér. 5. Notið aldrei stálhníf við fisk. Séu ekki silfurhnífar fyrir fiskinn á borðum, skal nota matforkinn einan til að taka sundur fiskinn og hafa brauðmola til að koma fiskinum fyrir á matforkinum. Þessari reglu er víða mjög nákvæmlega fylgt, og á hún rót sína að rekja til þess, að ýmsir fiskréttir, svo og ávextir, sortna og missa bragðið, séu þeir stáli særðir. 6. Haldið ekki klunnalega á hnífi og matfork, og leggið þá ekki á dúkinn, heldur á diskinn. 7. Matist ekki of ört, og takið ekki of stóra bita, né of fullar skeiðar. 8. Étið og drekkið þannig, að ekki heyrist (smjattið og sötrið). 9. Étið ekki grænmeti með skeiðinni, heldur með matforkinum, þótt það sé stundum óþægilegt. 10. Ekki er lengur siður að skilja eftir á diskinum svo nefndan „hæverskubita", þó skal varast að hreinsa diskinn svo sem hundur hafi sleikt hann. 11. Talið aldrei með fullan munninn. 12 Varist að missa nokkuð niður af borðinu og reynið að vera sem liprastir. Detti eitthvað niður á gólfið, forðist þá alt fát og beygið yður ekki undir borðið eftir því, heldur bíðið eftir þjóninum og biðjið um nýtt. 13. Notið helzt alls ekki tannstöngul, en verði ekki hjá því komizt, skal halda hendi fyrir munn sér, meðan stungið er úr tönnum. 14. Ekki

skal étið meira en menn hafa lyst á, þótt haldið sé að þeim matnum. 15. Ei skal brjóta saman matþerru að lokinni máltíð, heldur leggja hana óbrotna hjá diskinum. 16. Bítið ekki sundur hnetur með tönnunum, því að það afskræmir andlitið, enda eiga aflraunir ekki við undir borðum, né yfirleitt í boðum. 17. Blásið ekki á drykkinn (t. d. te eða kaffi), þótt heitur sé, og hellið honum aldrei í undirskálina. Bíðið heldur, þar til teið eða kaffið er orðið hæfilega heitt. Að hræra í drykknum með teskeiðinni flýtir kælingunni.

58. Hvers skal sá gæta, er hefur boð inni?

Forðist fyrst og fremst alt yfirlæti í útbúnaði borða, matarseðlum o. fl. Hve gott, fágætt eða dýrt sem eitthvað kann að vera, skal það boðið og veitt blátt áfram og hispurslaust, eða eins og maður viti ekki um ágæti þess. Til eru ýmsar góðar og nytsamar bækur um það, hvernig borð skuli skreyta o. fl., en með því að það er sérstaklegt og all-langt mál, skal hér ekki frekar orðum farið um það efni.

Margir gera sér mikla fyrirhöfn með alla vega brotnar matþerrur, en með því að þerran er aðallega notuð til að þurka munninn, þá virðist réttast að handleika hana sem minst, áður en hún er á borð borin. Hrein og vel strokin hand-

þerra, með smekklegu fangamarki á þeirri hliðinni, er upp veit, virðist eiga bezt við og vera eðlilegast. — Þegar borð eru búin, öllu í lag komið, allar ráðstafanir gerðar við borðþjóna, eldabuskur o. s. frv., skulu húsráðendur bíða rólega gesta sinna, taka á móti þeim öllum jafn-vingjarnlega og kurteislega og forðast alt ráp út frá þeim.

59. Hvernig skal til borðs bjóða?

Húsbóndi leiðir tignustu eða (eftir atvikum) elztu konuna til borðs og gengur með hana í broddi fylkingar inn í matsalinn (eða borðstofuna). Húsfrúin tekur þann að borðherra sínum, sem hún vill mest sæma. Að húsfreyja taki eiginmann borðkonu húsbóndans sér að borðherra, er því að eins ráðlegt, að einhver hjón standi svo miklu ofar í mannvirðingu og stöðu öllum hinum gestunum, að eflaust beri að taka þau fram yfir þá alla. Yfirleitt mun hollast, að telja alla gesti sína jafngóða og gilda; hitt mun smekkvísin að miklu leyti segja til um, svo sem að roskin kona og kornungur maður eiga að jafnaði illa saman við borð, eða aldraður maður og ungt fljóð. Hjónaefni (brúðhjón) sitji saman, en giftir menn og konur ekki. Og yfirleitt skulu menn haga niðurskipun í sæti á þann hátt, sem þeir hyggja, að bezt muni fara og til gagnkvæms unaðar leiða. Hér skal ekki farið út í þá sálma, hvort húsfrú

og húsherra skuli sitja til endanna eða fyrir miðju borði, með því að slíkt er mjög undir atvikum og ástæðum komið, svo sem skipun herbergja og stærð þeirra o. fl. En því má aldrei gleyma, að sætin við hlið húsherra og húsfrúar eru jafnan heiðurssæti.

60. Hve nær má mæla fyrir skálum eða ræður halda?

Einungis við alveg sérstök tækifæri. Svo eru siðir nú, en áður var þetta með alt öðrum hætti, bæði á Norðurlöndum og víðar. Voru ræðuhöld oft mikil undir borðum og — þreytandi. Að jafnaði mun nægja, að húsherra drekki þegjandi gestum sínum til. Í sérstökum boðum, svo sem fermingarveizlum og brúðkaups, í skilnaðarsamsætum eða heimkomu getur húsbóndinn tekið til máls og mælt sem honum bezt þykir hlýða og bezt sæmir, alvarlega eða fjörugt. En stuttorður skal hann jafnan vera.

61. Hverjum skal fyrst rétti bjóða?

Jafnan skal fyrst borið borðkonu húsbóndans. Beri tveir fram í einu, skal hitt fatið borið einhverri annari giftri konu og síðan án manngreinarálits eftir röð (sætum). Réttinn skal jafnan bera að vinstri hlið þess, sem hann er boðinn.

62. Skal skifta diskum, hnífum og matforkum við hvern rétt?

Áreiðanlega diskum og helzt, ef hægt er, hnífum og forkum. En guð gnægðarinnar er ekki alstaðar í görðum og sízt á þessu fátæka landi heimtandi, að menn eigi borðáhöld úr silfri, eða jafnvel úr járni, til meira en tvennra skifta, en þá kemur til gestanna kasta; þeir vita að jafnaði, hjá hverjum þeir eru boðnir og þerra þá, þegar þörf gerist, hnífa og matforka með brauðmolum, sem þeir skilja eftir á diskbrúninni. Annað „ráð í viðlögum" er að senda þann eða þá, sem ganga um beina, með einn og sama þerridúkinn umhverfis borðið til að þerra af hnífum og forkum. Þetta er ógeðslegt úrræði og frá heilbrigðilegu sjónarmiði gersamlega óleyfilegt, því að það er nokkurn veginn sama sem að eiga á hættu að éta ofan í sig með næsta rétti alla þá sjúkdóma og ólyfjan, sem einhverjir viðstaddra borðgesta ef til vill eru að burðast með. Bezta ráðið, þegar verkfærin eru af skornum skamti, er það að hafa jafnan í eldhúsi eða búri tvö föt, annað með heitu og hitt með köldu vatni, og bera þangað matfærin við réttaskifti, þvo þau fyrst úr heitu vatni, skola þau síðan úr köldu og þerra loks með hreinum þerrum eftir hvern rétt. Bezt er að hafa sérstakan pilt eða stúlku til þessara hluta. Að vísu lítilfjör-

legur aukakostnaður, en hins vegar meiri trygging, að vel sé gert, en ef þeir gera, sem í öðru vafsast. — Biðin, sem verður á borðhaldinu, er minni en tryggingunni nemur, og mun af hverjum góðum gesti margfaldlega fyrirgefin.

63. Hvers skal gætt í kvöldboðum?

Þá er annaðhvort boðið upp á te (kaffi) eða kvöldverð. Sé til kvöldverðar boðið, skal koma stundvíslega sem til miðdegisverðar; í te-boðum er það ekki jafnrígskorðað og ekki jafnáríðandi að koma í tæka tíð, þótt kurteisast sé að koma einnig þá á réttum tíma. Við kvöldverð matast menn ýmist sitjandi, sem í miðdegisboðum, eða standandi, sem er frjálslegri aðferð og mörgum þykir sízt óskemtilegri. Taka þá karlar borðkonur sínar, og fylgja þeim þangað, sem þeim kemur saman um, og hjálpa þeim til matar, velja það. sem þær æskja, og leggja á diska þeirra með hníf, matþork og borðþerru og færa þeim það. Þá biður borðherra borðfrú sína leyfis að mega sækja sér sjálfum, hverfur svo aftur til matborðsins (Buffet) og kemur síðan aftur til borðkonu sinnar. Fyrir drykk og glösum sjá borðþjónar, svo að það eitt nægir að spyrja borðkonu, hvern drykk hún vilji.

64. Hvernig skal vanalegu kvöldboði og standboði hagað?

Til kvöldverðar eru þrír réttir hæfilegir. Forréttur úr fiski eða öðru (t. d. brauðkollur, grænmeti), eftir því sem verkast vill, síðan kjötréttur (með „kompott", salati, kartöflum) og loks sætindi eða ís. Ábæti með ávöxtum og kökum má vel gefa, en ekki er hann nauðsynlegur, og auk þess er þá erlendis bætt við nýrri tegund vína. Veitingaborðin séu fjölskrúðugri, fleiri tegundir kjöts, grænmetis o. s. frv., en þá skal hafa minna af hverju. Veitingaborðið hefur að geyma alla réttina heita og kalda. Á það mitt eru oft settar til prýðis skrúðskálar með blómum, ávöxtum eða ábæti og fer oft vel á slíku, ef smekklega er hagað og niður raðað. Oft eru höfð aukaborð fyrir diskana, borðþerrurnar og brauðið. Salt má ekki gleymast. Lítil borð fyrir 4—8 manns að borða við, skal bera inn þangað, sem matast skal, með dúkum, víni, glösum, eða nota þau borð, sem fyrir eru. Borðreglur hinar sömu sem við miðdegisverði.

65. Hver ber að gæta á dansleikum?

Menn spyrjist fyrir um, hvernig dansi skuli háttað, eða útvegi sér dansspjald. Þegar dansráðningar eru um garð gengnar og dansinn byrj-

ar, skal leita upp danskonu sína, dansa með henni nokkurum sinnum umhverfis í salnum (en hringsnúast ekki í miðjum sal með hana), leiða hana síðan til sætis og hneigja sig að skilnaði.

66. Hvað eru aukadansar?

Þeir dansar, sem menn dansa um fram dansráðningar, eru nefndir aukadansar. Dansari hneigir sig fyrir danskonunni, svo og fyrir ráðningarmanni hennar. Meðan á aukadansi stendur, er ráðnum dansmanni hennar leyfilegt að ná sér í konu fyrir aukadans, en ekki má hann leita hennar, meðan ráðin danskona hans er við hlið honum. Á hirðdansleikum eru ekki dansaðir aukadansar.

67. Hvað er merkjadans (Cotillon)?

Það er lokadansinn á hverjum dansleik. Oft margbrotinn og margþættur, með ýmsum frábrigðum, þar sem samstæður („pör") skilja og koma aftur saman. Í síðasta þætti er blómum og merkjum úthlutað, og er þá jafnt konum sem körlum ráðning frjáls.

68. Hvað eru kvennadansar?

Það eru ýmist fastir (programm-) dansar eða innskots-dansar utan ráðningar og bjóða þá kon-

ur körlum í stutta dans-„túra“. Þeim boðum má aldrei neita. En ráðlegt er konum að nota þetta einkaleyfi í hófi. Þetta eru mikil hlunnindi, sem þær veita, og helzt ætti að skoða sem nokkurs konar kvittun frá þeirra hlið fyrir auðsýnda hugulsemi og athygli í þeirra garð. En of mikill ákafi hjá konum að ná í karla í slíka dansa getur vakið ógeð hjá þeim eða hlátur. Og þá ekki sízt, þegar fjöldi „hjásetu“-kvenna gerir þeim aðsúg.

69. Hugulsemi og nytsemi á dansleikum.

Athugulum mönnum liggja margar leiðir opnar til að sýna af sér smágreiða og hugulsemi og ávinna sér þannig hylli og þakklæti kvenna. Þarna er t. d. roskin kona, sem vantar stól, flýt þér að sækja hann; önnur hefur mist herðaskýlu, en er orðin kulvís, gustuk að finna hana og færa henni; þriðja þarf einhverja hressing, rétt að útvega hana. Þessir smágreiðar eru með ýmsum hætti og óteljandi. Þá er ekki minsta góðverkið að taka þær, sem í hjásetu híma og „verma bekkina“, upp á arma sína og veita þeim „einn snúning“. En séu þær hrokafullar og þóttalegar, mega þær gjarna sitja hjá í friði. — Mergurinn málsins er þessi: Varist ofmetnað og verið ekki harðir í kröfum við aðra, allra sízt ef bæði vantar fegurð og andríki. Háttprýðin, í þessu sem öðru, leiðir lengst fram á leið.

Hér er gert ráð fyrir, að engir aðrir sæki meiri háttar dansboð eða dansleika en þeir, sem *lært* hafa að dansa og reglur þær, sem dansinn snerta, og skal því ekki lengra farið út í þetta efni.

70. Hvað er um samkvæmislok?

Þegar sýnilegt er, að eldra fólkið ætlar að fara að hypja sig af stað, þá sækja karlar hatta sína, eiginmenn tala við konur sínar og skyldulið, menn kasta lauslega kveðju á samgesti sína og kveðja að lokum í örfám orðum en hjartanlega húsráðendur. Vel má láta í ljós í fám orðum ánægju sína og þakkir fyrir boðið. Þá er og títt víða í útlöndum að spyrja munnlega eða skriflega daginn eftir húsfrúna, hvernig henni líði eftir gott boð og er því oft vel tekið.

VI.

OPINBER FRAMKOMA.

FYRSTI ÞÁTTUR: KIRKJA, SÖFN, SAMSÖNGVAR, LEIKHÚS.

71. Opinber háttprýði innan dyra.

Kröfur háttprýði og kurteisi í einkalífi og einkafélagsskap eru miklar, en auðvitað eru þær enn strangari, þegar um opinbera framkomu er að ræða, því að margt leyfa menn sjer við eiginn arinn eða vina sinna, sem vera myndi gersamlega óleyfilegt á almannafæri.

Athugum fyrst opinbera framkomu innan dyra, en síðan skyldur manna við opinbera háttprýði úti á víðavangi, með því að hjer er að nokkuru leyti hvort með sínum hætti. En eitt er samt sem áður sameiginleg skylda: að vera frjáls og náttúrlegur maður — en munum einnig, að frelsið er vafið böndum, skorðum og takmörkunum og sannfrjáls er sá einn, sem gætir hófs og velsæmis í hverjum hlut.

Opinber framkoma krefst fyrst og fremst ró-

legrar og virðulegrar framgöngu, að sneitt sje hjá allri sundurgerð í klæðaburði, máli og hreyfingum og kurteisi sýnd öllum, hvort sem þeir eru af sama sauðahúsi sem vér eða ekki, að haldið sé virðulega í skefjum yfirlætinu og uppskafningshættinum — einhverju því ógeðslegasta átumeini vorra tíma —, eða að öðrum kosti snúið baki við þeim ósóma.

72. Hver er æðstur opinber staður innan veggja?

Kirkjan. Hún geymir helga dóma mannkynsins. Innan hennar veggja flýgur sálin á vængjum trúarinnar til guðs síns. Þar öndum vér út kveinstöfum vorum og þökkum guði gleði vora. Þó er helgi þessa staðar ekki meiri en svo í sumra augum, að þeir koma iðulega of seint í kirkju og raska þannig ró þeirra, sem fyrir eru; sumir troðast í gegnum mannþröngina, eins og þeir væru í réttum, en aðrir eru á sífeldum gægjum um alla kirkjuna, sem væru þeir í fjárleit, enn aðrir hvíslkra saman í hljóði og gera gys að náunganum fyrir augliti guðs altsjáanda. Þetta alt eru ófögur merki siðleysis og lélegs hjarta. Sanntrúuðum mönnum þarf ekki til siða að segja í þessum greinum, því að þeir munu virða svo guðstrúna, að þeir aldrei vísvitandi syndgi á móti helgustu tilfinningum mannanna, né fremji goðgá, hvorki

innan síns kirkjufélags né annara. En vantrúaðir eiga ekkert erindi inn fyrir vébönd drottins, nema þeir séu þar í leit eftir sannleika, og mun sannleiksþráin þá sjá um hegðun þeirra. Hér er aðalatriðið að bera virðingu fyrir tilfinningum annara manna, og hámark siðleysis að vanrækja það á *þessum* stað. — Í sambandi við þetta skal tekið fram, að vér Íslendingar ættum að taka upp hinn fagra sið annara þjóða, að staldra og taka ofan, þegar líkfylgd fer fram hjá oss, því að Torfalög dauðans eigum vér allir að gjalda, og sársauki hans, alvara hans og tign heimtar alvöru og virðing dauðlegra manna. — Sama er að segja um helgigöngur (prósessíur) að annara trúarbragða sið, að þeim skal fulla virðing sýna, einnig af þeim, sem aðra trú játa. — Og svo að síðustu: Farið heldur alls ekki í kirkju, en að gera það „fyrir siðasakir", því að það er að hæða guð, sem þekkir allar hugsanir yðar.

73. Hvernig eigum vér að hegða oss í söfnum og á sýningum?

Hér er alt frjálslegra. Hér má talast við og gefa gleðinni rúm. En auðvitað í hófi. Og margt er hér að varast sem víðar. Óleyfilegt að troðast eða ryðjast áfram. Hrókaræður heimskingja eða fáfræðlinga um það, sem þeir bera ekkert skynbragð á,, eru hvimleiðar. Umræður um óvið-

komandi efni afkáralegar og trufla athugun og skoðun annara. — Því miður er svo um fjölda manna, ekki sízt nú á tímum, að þeir heimsækja þessa staði að eins fyrir fordildar sakir, til þess að geta sagt, að þeir hafi komið þangað. Þeim mönnum er þögnin hentust; með henni gera þeir engum mein. Söfn eru að vísu ágæt mentunartæki, en til að hafa veruleg not þeirra, verða menn að afla sér bóklegrar fræðslu um þær fræðigreinir, sem þau eiga að skýra. Menn varist að tala um „stíl", ef þeir þekkja ekki einn stílinn frá öðrum og ef til vill blanda saman rómönskum og gotneskum stíl, „rococo" stíl og „empire" stíl o. s. frv., svo að ekki fari fyrir þeim eins og manninum, sem kallaði alt „desperat", sem honum þótti ágætt. Þó er þetta ekki svo að skilja, sem mönnum sé meinað að láta í ljós, hver áhrif eitthvert listaverk hafi á þá, því að oft er heilbrigð skynsemi, ríkt tilfinningalíf og glögt auga ósérfróðra manna betri leiðarvísir um verðmæti ýmissa listverka en langar þulur lærðra manna, sem eru sneyddir listsmekk.

74. Hvað er um samsöngva?

Þeir eru ýmist haldnir innan dyra eða undir beru lofti. Ýmsir, sem annars þykjast kunna manna siði, telja sér leyfilegt að skrafa og skeggræða svo mjög við samsöngva undir beru lofti,

að líkist réttakliði. Þó mun slíkt tíðara meðal erlendra þjóða en Íslendinga, enda er oss meira nýnæmi í þess konar skemtunum en öðrum þjóðum og sumt, sem þar er boðið í hljóðfæraslætti, einkum við samsöngva hermanna (militær-musik), slíkt léttmeti að efnum til, að ekki er að undra, þótt athyglin sljóvist hjá söngvönu og söngvöndu fólki. En þó verðum vér jafnan að hafa það hugfast, að vér getum með hjali voru rýrt skemtun annara, sem hafa jafnmikinn rétt til að njóta þess í næði, sem á boðstólum er, sem vér til að skella skolleyrunum við því. Og svo má ekki heldur gleymast, að nokkurt tillit verður að taka til þeirra, sem leika, oftlega án endurgjalds.

Innan veggja er aftur á móti bein kurteisisskylda að forðast allan hávaða. Leitt að raska ró manna og trufla þá, ef til vill í miðri nautninni, við unaðsfagra sönglist, með stólaskrölti og fótasparki. Sumir leyfa sér jafnvel þá ósvinnu að berja „taktinn" með fótunum eða göngustafnum eða söngla lagið í hálfum hljóðum, og má nærri geta, hve óþægilegir nágrannar þeir eru söngnæmu eyra. Eða þá að þeir hrista höfuð, ef þeim líkar ekki, eða eru síhlæjandi, eins og bóndinn, sem hló svo mikið við víðfrægan sorgarleik í kgl. leikhúsinu, að hann var snupraður fyrir af einu þjóðskáldi Dana, og tróð að síðustu vasaklútnum sínum upp í sig til að verjast skellihlátri,

þegar öðrum vöknaði um augu. Þess konar fólk á ekkert erindi til leika eða samsöngva, verður á-steytingarsteinn fyrir aðra, og gerir því réttast að sitja heima og fara hvergi.

Aðalatriðið: Komið í tæka tíð, farið ekki fyr en samsöng er lokið, og verið rólegir, þögulir og athugulir.

75. Hvers ber að gæta í leikhúsum?

Yfirleitt hins sama sem við samsöngva, að því við bættu, að inngangs-músík við söngleika (óperur) og milliþátta-músík í leikritum er einn hluti af sjálfum leiknum og verðskuldar því sömu athygli sem leikurinn sjálfur; slæm framkoma er þess vegna því hörmulegri, því fegurra sem það er, sem leiksviðið eða orkestrið hefur upp á að bjóða. Ráðlegt er að lesa jafnan eða kynna sér leikrit, áður en í leikhús er farið, ef unt er; það eykur nautn og skilning þeirra. En varist að prédika fyrir sessunautum yðar um innihald þeirra, eða gagnrýna þau, meðan á leiknum stendur, því að vel má vera, að þeir afbiðji alla fræðslu, enda hafa þeir rétt til þess.

VII.

OPINBER FRAMKOMA.

ANNAR ÞÁTTUR: Á GÖTU, Á FERÐALAGI, Í VEITINGAHÚSUM, o. s. frv.

76. Leggur kurteisin oss nokkurar sérstakar götuskyldur á herðar?

Já, gatan er almannafæri og framkoman þar því ekki síður, heldur fremur, varhugaverð, en í heimahúsum eða innan fjögurra veggja.

77. Hvers ber þá að gæta?

Varist fyrst og fremst alt stærilæti og sundurgerð í klæðaburði og látæði. Því einfaldari og látlausari, sem karl eða kona er á götu, því göfgari eru þau álitum og í framkomu. Prjálið og glysið er spjátrunganna og lausungarlýðs einkenni. — Notið aldrei augnagler (eingler eða tvígler) að óþörfu. Gleraugu lýta fremur en prýða, nema Glámsglyrnur sé að hylja. Og að rífa slík verk-

færi upp úr vasanum, til að glápa á konur á götum, er ósvinna mikil.

78. Hver eru í stuttu máli hin helztu stæta-boðorð kurteisinnar?

1. Menn séu athugulir um kveðjur á götu. Að fyrra bragði skaltu því að eins konu heilsa, þótt þið þekkist, að hún gangi með þér ókunnum manni. Annars eru götusiðir með ýmsum hætti hjá þjóðunum. Í Þýzkalandi, Danmörku og hér á Íslandi hefur það verið tízka, að karlar heilsuðu konum að fyrra bragði á götu, en í Englandi eru það konurnar, sem jafnan heilsa fyr. Þann sið ættum vér Íslendingar upp að taka, því að með þeim hætti er konum í sjálfsvald sett, við hverja þær skifta kveðjum á strætum úti, en karlar losast hins vegar við þann vanda að ráða í, hvort kveðja þeirra muni velkomin eða ekki. Auk þess kynni sú breyting að verða til að mýkja hálsinn á sumum konum, sem svo eru hálsstirðar, að ekki verður stundum séð, hvort þær taka kveðju manns eða ekki. 2. Víða er siður að víkja til hægri handar, er menn mætast á götu, en með því vegalög vor skipa svo fyrir, að jafnan skuli vikið til vinstri á þjóðvegum og öðrum vegum upp í sveit, þá virðist rétt að sama regla gildi á bæjargötum, því að hitt getur valdið ruglingi að hafa aðra reglu um þetta á götum í bæjum en á vegum úti. Þetta

atriði sýnist í fljótu bragði mjög einfalt og óbrotið, en getur stundum í þröng, er menn ganga með konu við hlið sér, orðið örðugt og flókið, því að það er skylda karla að vera jafnan götumegin, en tryggja konum gangstéttina, og séu þær fleiri en ein, sem manni fylgja eða mæta, skal hann víkja út á götuna og láta konunum eftir gangstéttina. 3. Konur og karlar mega því að eins yrða hvort á annað á götu, að kunnug séu. Ekki skulu þau staldra, meðan á viðtali stendur, til að hefta ekki umferðina. Að loknu viðtali tekur karl ofan fyrir konu að skilnaði. 4. Varist árekstur á götum, en komi hann fyrir, skal sá, er veldur, þegar í stað afsaka. 5. Ef kunnugir menn mætast, er höfuðhneiging nægileg, nema mikill munur sé aldurs og stöðu, því að þá skal ofan taka. En sé kona með kunningja þínum, skaltu ofan taka og gerir þá sömu skil sá, sem með henni gengur. 6. Forréttur konu er að sýna, að hún sé manni kunnug, svo og þeirra, sem hærra eru settir eða eldri eru. 7. Missi kona. eða gömul lasburða manneskja, vasaklút, regnhlíf, göngustaf eða böggul til jarðar, þá skal upp taka og rétta henni það með virðulegri kveðju. 8. Blístrið hvorki né raulið á götum úti, og étið ekki heldur ávexti, sælgæti o. s. frv. á götunum. 9. Varist að hrækja á götunum eða öðrum opinberum stöðum, svo sem í járnbrautarklefum, vögnum o. s. frv.

79. Um ferðalög.

Á ferðalagi kemur oft einna bezt í ljós meðfæddur ruddaskapur og ónærgætni og hins vegar kurteisi og nærgætni við aðra. Sumir ryðjast áfram á vegum, járnbrautarstöðvum, í veitingahúsum og gististöðum, eins og þeir eigi lífið að leysa, velja sér bezta veginn, beztu sætin, taka útsýni frá öðrum og fleira þessu líkt. Sumir taka hvern mann tali, hve bráðókunnugur sem hann er og hvernig sem á stendur. Alt slíkt er ókurteisi, sem ber að varast. Hitt er annað mál, að menn eru sízt skuldbundnir að draga sig alveg í hlé, né heldur að þegja sem múlbundnir væru, því að sjaldan er þýtt viðmót og skemtilegar viðræður kærkomnari en á ferðalagi.

Á förnum vegi hér á landi kemur margt til greina í einverunni og fámenninu, sem gerir kurteisi og nærgætni ef til vill enn kærkomnari en annarstaðar, og margt að læra og varast, sem hér yrði of langt upp að telja. Hér skulu einungis tekin fram örfá atriði:

Varastu fyrst og fremst að brjóta bág við landslög og gamlar, fagrar venjur á ferðalagi, og legðu niður ljóta siði, þótt þjóðsiðir séu eða hafi verið. Mætir þú manni eða mönnum, ríðandi eða akandi, snú þá jafnan til vinstri handar, því að svo eru landslög hér. Komist þú í öngþveiti og

gata sé ekki nógu breið, vík þá ætíð úr vegi fyrir lestamönnum og vögnum, ef þú ert lausríðandi. *Varastu* að sýna nokkurum manni ókurteisi, sem þú mætir, en þó sérstaklega konum. Þær eru vanalega minni máttar en karlar og því er það riddaraleg skylda, að sýna þeim alla þá greiðvikni og hjálp, sem unt er. *Varastu* að saurga eða skemma klæði kvenna og fylgir þú þeim á hestbak eða upp í vagn, gæt þess þá, að bjóða þeim jafnan hægri hönd, ef þú leiðir þær þér við hlið. Sért þú á ferðalagi upp um sveitir, og hafir ekki vanizt eða vanti mátt til að setja konu höndulega á bak hesti af handafli, vel þér þá ætíð beztu bakþúfuna, sem sýnileg er í nándinni. En sért þú staddur úti á sléttum eða eyðisöndum og megnir ekki að setja konu á bak, legstu þá á annað hnéð og bjóð konunni hitt til uppgöngu í söðulinn. Hnéð verður þá bakþúfan, og hirð eigi um, þótt það saurgist í svipinn, því að sá saur verður auðveldlega af þveginn, en ókurteisi ekki. *Varastu* allan óþarfan kumpánaskap á ferðalagi. Mætir þú ókunnum manni á ferð þinni, yrð þá ekki á hann að ástæðulausu, því að það tefur fyrir ykkur báðum, og þú átt á hættu að gera honum óþægindi. *Varastu* að sitja fattur eða álútur á hesti, sittu beinn, en þó ekki eins og þú værir stokkur eða steinn. Hesturinn er fegurstur allra húsdýra og vel vaxinn

maður er aldrei glæsilegri eða prúðmannlegri, en þegar hann situm vel fagran jó.

..80. Eru ferðalög nokkurt menningaratriði?

Svo þóttu þau á dögum Hómers og svo er það enn. Það víkkar sjóndeildarhringinn að kynna sér önnur lönd og annarlegu siði, og margt sér sá, sem víða fer, en heimskt er heima alið barn. En skilyrði þess, að ferðalög komi að notum, er það, að menn ferðist ekki sem blindir séu, heldur hafi augun opin og séu athugulir, að öðrum kosti getur hæglega svo farið, að á þeim rætist orð skáldsins: „Kálfur lifði, kom út naut.“ — Óráðlegt er þeim, sem ferðast til annara landa, að fara á örstuttum tíma yfir löndin. Hæfilega löng dvöl á helztu menningarstöðvum verður mönnum notadrýgri en þótt þeir leggi alla álfuna undir fót á fám vikum.

81. Hvernig skal hegða sér á veitingastöðum og í gistihúsum?

Margir hyggja, að menn séu alfrjálsir á veitingastöðum og gersamlega sínir eiginherrar, en samt eru þeir ekki þar, fremur en annarstaðar, óháðir lögum kurteisinnar, og ekkert „þjórfé“, hve mikið sem er, gefur syndakvittun fyrir ruddaskap. Vertu kurteis við þjóna ok þjónustumeyjar, því að þau eru manneskjur sem þú; en mæt-

ir þú reiging af þeirra hendi, ver þá einbeittur og alvarlegur. Rétt er og, að konur snúi sér beina leið til veitingamanns, verði þær fyrir ókurteisi af hendi þjóna. Vingjarnlegt viðmót og lítið þjórfé mun oftlega betur þegið en ruddaskapur og stærilæti, þótt fjáraustur fylgi. Maðurinn er jafnan maður, eða á að minsta kosti að vera það, og kennir því til inni fyrir undan þeim gjöfum, sem fleygt er í hann eins og beini í hund.

Þá skal og taka tillit til samgesta sinna. Beri þig seint að húsum, skaltu hafa hægt um þig. Eigir þú vanda til að hrjóta hátt í svefni, er rétt að biðja um herbergi á afviknum stað, svo að þú raskir ekki næturró annara. Árrisulir menn gangi hægt um og sýni þannig nærgætni síðrisulum mönnum og svefnstyggum. Verið kurteisir við sessunauta yfir borðum, takið þá tali eða takið vel viðræðum þeirra, og heilsið og kveðjið, er þér setjist eða standið upp frá borðum. Réttið sessunautum yðar það á borði, sem þeir ná ekki í. Einsetumenn og mannfælur uppskera sjaldan hlýtt viðmót frá öðrum mönnum, því að í „sama mæli, sem þér mælið öðrum, mun yður aftur mælt verða.“

82. Um framkomu á stöðum, sem svipar til gistihúsa?

Á matsölustöðum, veitingastöðum, kaffistöðum, kryddsölustöðum o. s. frv., skulu menn hegða sér sem í einkasamkvæmum. Framkoma manna á þess konar stöðum opinberum ber jafnan sýnilegt vitni um smekkvísi þeirra. Stórmenska og rostaskapur. háværð og glaumur, sífeldar aðfinslur um mat og drykk, ásælni í öll blöð, sem frammi liggja, og annað hófleysi hefur ætíð óþægileg áhrif á siðaða gesti. Menn mega aldrei skáka í því hróksvaldi, að þeim leyfist hrottaskapur og ókurteisi, af því að þeir „borgi fyrir sig". Mentaður og siðaður maður skiftir ekki um hýði eða ham, hvort sem hann er heldur staddur í krá eða konungssölum. Hann hellir ekki kaffinu í undirskálina, þótt heitt sé, hann stingur ekki hnífnum upp í sig og hirðir ekki leifarnar um leið og hann fer, þótt hann hafi „borgað þær."

83. Hvernig heilsa menn upp á kunningja á opinberum stað?

Karlar standa upp, en konur sitja og hneigja sig lítið eitt fram í sæti.

84. Má kona drekka bjór á opinberum stað?

Hér á landi er bjórdrykkja, sem önnur áfengissala, með lögum af numin og fyr á dögum þótti bjórdrykkja í ýmsum löndum konum algerlega ósamboðin á opinberum stöðum. Nú eru aðrir tímar og eru konur nú víða algerlega leystar úr kaffi- og gosdrykkja ánauðinni, enda óeðlilegt að meina þeim svo saklausa nautn sem öldrykkju. Þó mun ýmsum enn þykja stórar ölkollur þeim ofviða og skemtilegra að sjá þær nota minni glös. Hægurinn hjá, að fylla þau oftar.

85. Má taka hunda með sér inn á opinbera staði?

Auðvitað ekki nema vel vanda og meinlausa rakka, sem hvorki sníkja, gelta eða flaðra upp á fólk. Bezt er að hafa þá alls ekki með sér, því að ýmsir hafa ógeð á hundum, svo sem tepraðar og taugasjúkar konur o. fl.

VIII.

HIRÐSIÐIR OG TITLATOG.

86. Um kynningar hjá þjóðhöfðingjum.

Hirðsiðir eru með ýmsum hætti í löndunum, en þó mun margt sameiginlegt meðal ýmissa þjóða.

Vilji menn ganga fyrir keisara, konunga og fursta eða frúr þeirra, skulu menn fyrst snúa sér til yfirhirðstjóra eða hirðstýru eða hirðmarskálks, leita leyfis og skýra um leið frá erindi sínu. Síðan láta þau heimsækjanda vita dag og stund, hve nær áheyrn veitist.

86. Hvernig skulu menn klæddir vera til hirðar?

Í heimboðum til hirðar er venjulegast til tekinn búningurinn. En sé ekki neitt til tekið um klæðaburð við áheyrn (audienz), skulu liðsforingjar og embættismenn sækja boð í einkennisbúningum sínum, borgarar búnir sem í dansleik,

í svörtum kjól með hvítt hálsbindi, hvíta hanzka, háan hatt og allar orður (ef nokkurar eru). Konur beri heimsóknarbúning, dökkleita hásniðna silkikjóla og ljósleita hanzka.

88. Um stundvísi við kynningar o. fl.

Gengið skal stundvíslega, á ákveðnum tíma, fyrir þjóðhöfðingja. Skal farið í vagni, til að óhreinka sig ekki, og svo snemma, að menn séu komnir stundarfjórðungi fyrir ákveðinn tíma, svo að menn hafi nægan tíma til að fara úr yfirhöfnum og skóhlífum og leggja frá sér regnhlífar o. s. frv. Taka hirðþjónar við því, og vísa gestum síðan inn í biðsalinn. Þegar þjóðhöfðingjar og frúr þeirra koma, standa gestir upp og hneigja sig og svo gerir hver sá aftur, er nafn hans er kallað upp. Hneigingin skal vera lotningarfull og virðuleg, en laus við allan skriðdýrshátt. Mjög djúp hneiging er vandasöm, ef vel skal takast. Slíkt lærist bezt hjá danskennurum. Við kynningar skal þagað, þar til á mann er yrt. Sé boðið til sætis, skal það þegið orðalaust og spurningum svarað stuttort, gagnort og látlaust („yðar hátign", „yðar konunglega tign" o. s. frv.). Ekki skal meira mæla en spurning gefur tilefni til. Bein mótmæli í viðræðum við þjóðhöfðingja eru óleyfi-

leg. En með því er ekki sagt, að játa beri gegn betri vitund og sannfæringu öllu því, er þeir segja.

89. Hvernig vita menn, nær áheyrn er lokið?

Þannig, að höfðingjar gefa fararleyfi. Það verður með þeim hætti, að þeir standa upp, og láta þannig skiljast, að áheyrn sé lokið. Skal það tafarlaust tekið til greina. Rétti þeir fram höndina að skilnaði, skal tekið í hana með hneigingu. Þá skal horfið til dyra, og séu þjóðhöfðingjarnir enn við staddir, skal hneigja sig djúpt og göngu svo hagað, að aldrei sé snúið baki við þeim. Þá skal síðan kveðja hirðmenn þá kurteislega, er manni fylgd veita.

90. Um heimboð til hirðar.

Fyrst skal boði svarað játandi eða neitandi og sé heimboði hafnað, skal skýra frá ástæðum í sjerstöku bréfi til yfirhirðmarskálks eða yfirhirðmeistara. Engar afsakanir eru gildar, nema sjúkleikur, sorg eftir látna ættingja eða ástvini eða óhjákvæmileg ferðalög hamli. Þótt einhver hafi áður þegið heimboð af öðrum, þá er það ekki næg afsökun, því að heimboð þjóðhöfðingja ganga fyrir öðrum boðum. — Jafnaðarlega er tekið fram neðan á heimboðsseðli, hvernig menn og konur skuli vera klædd, en rétt er að grenslast

eftir, hvort hirð sitji í sorg, því að óleikur væri konum að koma til hirðboðs í mislitum klæðum, þegar svo á stæði, og verða þannig afturreka. — Geti kona ekki fyrir elli sakir eða lasleika borið fleginn kjól. skal hún tilkynna það yfirhirðstýrunni, svo að hún geti útvegað henni undanþágu, því að ekki má það verða upp á eigið eindæmi.

91. Hvernig skal heilsað, þegar í höll er gengið?

Fyrst skal heilsað yfirhirðstýrunni og öðrum hirðembættismönnum, með því að þeir taka á móti gestunum í umboði drottna sinna. Þegar allir eru komnir, eru þjóðhöfðingjar látnir vita það, og koma þeir þá bráðlega til gesta sinna. Gestirnir bíða jafnan þangað til á þá er yrt af hinum háu húsráðendum, og er það öfugt við venjuna í einkafélagsskap. — Varist að leita eða troðast fram úr fylkingu til húsráðenda, því að það er bæði ókurteisi og auk þess óþarfi, með því að allir verða af þeim ávarpaðir, fyr eða síðar. Brottför er óleyfileg, þar til húsráðendur yfirgefa boðsgestina. Hirðembættismenn skulu kvaddir kurteislega, áður en farið er af stað.

Að öðru leyti fer um framkomu í heimboðum þjóðhöfðingja sem næst því, sem áður er sagt um framkomu í venjulegum félagsskap, og eru hér, sem

annarstaðar, kurteisin og háttprýðin, smekkvísin og látleysið, hinir beztu leiðtogar.

Um titla keisara, konunga, stórhertoga, hertoga og fursta og annara þjóðhöfðingja og frúa þeirra skal hér ekki rætt, með því að það yrði of langt, og hins vegar auðsætt, að þeir, sem fyrir þá ganga, munu auðveldlega geta aflað sér betri fræðslu um það efni í erlendum siðbókum en hér er unt að gefa.

IX.

UMGENGNI VIÐ MENN Í ÝMSUM STÉTTUM.

Umgengni og viðbúð við menn er þyngsta þrautin, skerið, sem flestir flaska á, og ber þrent til þess: í fyrsta lagi meðfæddur ruddaskapur, yfirlæti, úlfúð eða eigingirni, í öðru lagi heimskan og fylgikona hennar, fáfræðin, í þriðja lagi, og ekki sízt, athugaleysi í smámunum og óglögt auga fyrir lýtalausri, göfugmannlegri framkomu, eða með öðrum orðum: vöntun á smekkvísi.

Ógeðslegri sjón getur ekki, en að sjá tvífættar mannskepnurnar skríðandi á fjórum fótum fyrir yfirboðurum sínum eða öðrum, sem standa þeim ofar í metorða stiga og valda, en getandi í hvoruga löppina stigið fyrir ofmetnaði og reigingi gegn undirmönnum sínum og öðrum, sem lægra eru settir í lífinu.

Sá, sem venur auga sitt á að athuga, hvernig menn koma fram við aðra, upp og niður, mun

verða tiltölulega fær í blekkingarsjó veraldarinnar, og að lokum fljótur að greina hveitið frá höfrunum, uppskafningana frá sannmentuðum mönnum, gott og göfugt hjarta frá lélegu og seyrðu. Viljir þú læra að þekkja menn vel, athugaðu þá nákvæmlega framkomu þeirra við yfirmenn þeirra og undirmenn, við háa og lága, kunnuga og ókunnuga, ríka og fátæka, heillum horfna og hamingjusama. Rækir þú það vel, verður þú að lokum glögt mannauga.

92. Um hegðun gegn yfirboðurum.

Kurteisin heimtar, að vér tökum sérstakt tillit til yfirboðara vorra og annara þeirra, er sitja á æðri bekk en vér sjálfir, og flestir munum vér gera það með því ljúfara geði, sem hæðin fyrir ofan oss heimtar minna í þeim efnum, því að mönnum er leitt að beygja sig fyrir rembingi einum, enda mun smekkvís yfirboðari aldrei gera tilkall til meiri virðingar en stöðu hans er samboðin og ýmsum jafnvel kærra van en of í þeim greinum. Smjaður og flaður undirmanna við yfirmenn sína getur tæplega haft annað en óþægileg áhrif. Þá er og reigingsháttur sumra kvenna gegn eiginkonum undirmanna hlægilegur og óleyfileg misbeiting á stöðu manna þeirra.

93. Hvað skal varast í framkomu við jafningja?

Varist að hnjóða í yfirboðara yðar við embættisbræður yðar eða aðra jafningja; það er hvorki hyggilegt né hreinlegt. Látið einkamál yðar liggja í þagnargildi, svo við jafningja yðar sem við alla aðra, að einkavinum einum undan skildum. En yfirleitt skal framkoma yðar við jafningja sem aðra vera kurteis, glaðleg og viðfeldin.

94. Hvers ber að gæta í framkomu og hegðun við undirmenn?

Um fram alt: Leikið ekki „herrann", allra sízt við menn á sama mentunarstigi .Verið vingjarnlegir, en jafnframt virðulegir og látið sízt af öllu á yður sjá, að þér séuð að niðurlægja yður. Segið hispurslaust til syndanna, þegar þess gerist þörf, en reigingslaust og án ofmetnaðar og rökstyðjið jafnan áminningar og aðfinslur yðar, en gegn mótþróa og ástæðulausu andþófi komi skýlaus boðháttur.

Smekkvísin verður að segja mönnum til um muninn á vinnulífi og félagslegu samkvæmislífi. Yfir-Jón og undir-Jón vinnulífsins verða venjulega í samkvæmislífinu báðir: herra Jón, og þar skal öllu embættis- og vinnuþjarki gersamlega úthýst.

95. Hverjir eru undirmenn?

Þeir, sem að einhverju leyti eru öðrum háðir í verkum.

96. Skal þar með telja húskennara?

Já, en samt skal varast það skerið, sem svo margir stranda á, að telja húskennara, kenslukonur og stássmeyjar, með vinnufólki sínu. Þótt þau séu oft fátæk, þá hafa þau sérstöðu á heimilinu, og þeim afhendum vér það dýrmætasta, sem vér eigum, börn vor og framtíð þeirra.

Börnin mega alls ekki sjá, að foreldrarnir líti niður á þessa fræðara, því að þau skulu virða þá og hlýða þeim. Tildur fortíðarinnar í þeim efnum er nú væntanlega á förum og kynlegt myndi nú t. d. þykja, ef einhver færi að gefa út, sem fyrir tæpum hundrað árum, „Stafrof handa heldri manna börnum."

97. Framkoma við vinnufólk.

Þetta er orðið vandamál. Oft erfitt á þessum jafnaðarmenskutímum að halda í réttu horfi. Hlýðni hjúa og verkamanna — skilyrðislaus og tafarlaus hlýðni við allar réttmætar skipanir húsbænda og annara vinnuveitenda, er nauðsynleg, ef alt á ekki að fara út um þúfur og komast á

ringulreið. Hið gamla orð: „Óholt er margræði, einn skal ráða“, stendur enn í góðu gildi. En hins vegar er húsbændum og húsmæðrum og öðrum yfirboðurum skylt að minnast þess, að hjú þeirra eru engar sálvana vélar, heldur manneskjur, sem eiga heimting á mannúðlegri framkomu og viðbúð. Hlýleiki í orðum og þægilegt viðmót örfar hverja ærlega vinnandi sál til verka, en kuldinn og þóttinn níða burt viljann og skapa augnaþjóna og „hangandi hendur“. Vertu jafnan rólegur, kurteis, einarður og skýr í máli, er þú segir fyrir verkum og lát orð þín, að svo miklu leyti sem unt er, standa sem staf á bók, því að fátt er áhugasömum og ötulum hjúum leiðara en að húsbóndans ráð sé alt á reiki og hver skipunin komi ofan í aðra. Flestir þreytast á að framkvæma andstæðar skipanir, en einbeittur vilji og staðfesta hvetja ósjálfrátt til hlýðni.

Vertu hlífðarlaus gegn leti og þrjózku, prettum og undirferli, og dugi ekki áminningar, neyttu þá annara löglegra meðala. En gættu þess, að muna jafnan það, sem vel er gert eða um skyldu fram.

Fyrrum þéruðu börn foreldra sína og hjúin húsbændurna, en voru jafnan þúuð af þeim. Nú eru börn hætt að þéra foreldrana, en orðið alsiða að hjú og húsbændur þérist, enda ósamræmi í því fólgið, að „þú“ið, sem að jafnaði er notað milli

vina og góðkunningja, sé samtímis haft til að sýna yfirburði sína yfir öðrum. — Vertu notalegur við hjú þín. Því hlýrra, sem þeim verður til þín, því betur vinna þau þér. — Mundu að leyfa jafnan trúræknu hjúi kirkjugöngu, þegar það óskar þess, og gef því nauðsynlegar tómstundir til trúariðkana sinna.

Sama máli er að gegna um verkamenn og iðnaðarmenn. Hér er einnig kurteis framkoma og áreiðanleiki mikilvægt atriði. Launið fljótt og refjalaust vel unnið, um samið verk, en látið ekki hins vegar bjóða yður illa unnið og svikið verk fyrir fult endurgjald, því að þá hafið þér ranglega fé af yður sjálfum og alið upp ósóma í viðskiftum.

98. Hvers ber að gæta í viðskiftum?

Í viðskiftum er prúðmenska ekki síður nauðsynleg en á öðrum sviðum lífsins, og auðvitað á hún að vera gagnkvæm. En þó mun seljandi að jafnaði þurfa á enn meiri þolinmæði að halda en kaupandi. Lítið inn í búðirnar á lestunum, eða inn í búð í Reykjavík, þar sem mikil aðsókn er. Vesalings búðarfólkið er á þönum fyrir karla og konur, ekki sízt konur, sem oft reyna meira á þolrif þess en karlar. Þarna eru tæmdar hillurnar, klæðum flett, alt rannsakað, spjallað

fram og aftur um, hvað helzt muni tiltækilegt að kaupa, stundum þráttað um verð og gæði og svo loks oft ekkert „tekið út“, svo að þjónarnir sitja oftlega eftir með sárt ennið og tóma fyrirhöfnina. Áður en gengið er í búðir, ættu menn að gera sér ljóst, hvað þeir ætla að kaupa og við hve háu verði og minnast þess, að tíminn er peningar, sem er ekki eingöngu ætlaður þeim einum. En sýni búðarfólk af sér ókurteisi eða hrottaskap, er rétt að láta það vita, að því er skylt að sýna kaupendum fylstu kurteisi. Ókurteisi í garð kaupenda mun, sem betur fer, orðin fátíð nú á dögum — samkepnin sér um það — og þeir dagar munu löngu liðnir, er bændur stóðu bljúgir frammi fyrir búðarþjónum, sem væru þeir einhverjar æðri verur. Eigi menn úr vöndu að ráða, hvað velja skuli, er réttara að biðja um sýnishorn heim með sér en að þreyta afgreiðslumenn með langri bið.

99. Almenn framkoma og umgengni.

Góð umgengnisgáfa sýnir sig einna bezt í því, hve sumir eru lægnir á að finna jafnan það umræðuefni, er sérhverjum hæfir bezt, þeirra er þeir eiga tal við í hvert skifti. Og sumir eru jafnvel svo einkennilegum hæfileikum búnir í þessu tilliti, að glens og gletni úr þeirra munni særa ekki, þótt

sært mundu hafa, ef þau hefðu komið af annara vörum. Í för þeirra manna er örðugt að fara og yfirleitt verða menn að gá vel að því, að oft er meira undir því komið, *hvernig* eitthvað er sagt, en *hvað* er sagt. Svipur, látæði, framburður, málrómur geta einatt algerlega breytt þýðing orðanna. Því er jafnan hyggilegast að koma þannig til dyranna, sem maður er klæddur. Vér erum fæstir leikarar, og því síður góðir leikarar, enda myndi hreinleiki og einlægni í lífi og sambúð lítt græða á því, þótt menn færu að temja sér leikaraskap í umgengni. — Menn verða oft í viðræðum að leita fyrir sér til að finna, við hvern þeir eiga orðastað. Þá ber og jafnt að varast, að halda dauðahaldi í sérstakt umræðuefni, sem að hverfa óðfluga úr einu í annað. En um fram alt: Forðizt það sem heitan eldinn að tala um það, sem þér berið ekkert skynbragð á, því að það er grátskoplegt að heyra t. d. þekkingarsnauða og ósmekkvísa menn skrafa og skeggræða um og leggja dóma á listir, vísindi, skáldskap o. fl. Sá spyrji, sem ekki veit, sá kenni og fræði, sem kann, en sá þegi, sem ekkert hefir nýtilegt til mála að leggja, vilji hann ekki eiga á hættu að verða að athlægi fyrir flónsku sakir og framhleypni. Varist og jafnt oflof sem hótfyndni og last, svo að þér verðið hvorki taldir hræsnarar né drembilátir sérvitringar.

100. Hvað er um feimni?

Það er óþægilegur kvilli, sem sérstaklega ásækir unglinga, þótt einnig verði hennar vart hjá mönnum á öllu reki. Þeir, sem alizt hafa upp í einverunni og fámenninu upp til sveita, eru venjulega ómannblendnari og feimnari en þeir, sem alið hafa aldur sinn í fjölmenni. Þeir verða oftast mannblendnari og upplitsdjarfari, þegar þeir fara að kynnast fleirum, enda á feimnin oft rót sína að rekja til beygs eða ótta inni fyrir um, að framkoma þeirra sé ekki ókunnugum gestum samboðin. En stundum er hún einnig meðfæddur og arfgengur eiginleiki, sem aldrei hverfur, og fylgir mönnum til grafarinnar. Bezta ráð við henni er að vera sem mest á manna færi og gefa sig á tal við þá; þótt örðugt veiti í fyrstu, þá smáléttist róðurinn og menn verða smámsaman upplitsdjarfari og einarðari, þegar fram í sækir. Vanalega mun það feimninni upphaflega að kenna, þegar menn líta hjá sér eða horfa í gaupnir sér, er þeir eiga tal við aðra. Það er ljótur og ófrjálsmannlegur ávani, sem allir ættu að forðast. Augun eru spegill sálarinnar, brennigler hugsananna og svo sem ljósið er hljóðinu hraðara, þannig glitrar oft hugsunin í fjörugu auga, áður en orðið líður af vörunum.

X.

UM BRÉFAVIÐSKIFTI.

Hér á landi má svo að orði kveða, að allir séu læsir og skrifandi, en samgöngur örðugar og pennanum því þráfaldlega falið að koma í tungunnar stað. Bréfaviðskifti hafa á síðustu 50 árum vaxið gífurlega, enda gjalda menn nú 10—20 aura fyrir að koma bréfi á framfæri, sem fyrrum kostaði iðulega sendiferð margar dagleiðir. Það er algild regla, að því ódýrari sem einhver lífsþægindi eru, því meira eru þau notuð. Og bréfaviðskifti eru nú orðin svo geysimikil hér innanlands og við útlönd, að mönnum er bráðnauðsynlegt að verða vel bréffærir. Fyrrum voru bréfritarar færri hér á landi, en margir þeirra skrifuðu svo löng bréf og merkileg og vel stíluð, að unun var að lesa. Bréfin urðu stundum að smá-snildarverkum. Nú er öldin önnur. Lífið líður hraðar, er orðið margbrotnara og umsvifameira og menn því nízkari á tímanum en áður.

Þess vegna er svo áríðandi, að menn temji sér hraðleik og skýrleik í skrifuðu máli, því að bréfritarinn hefir oft lítinn tíma til skriftar og móttaki nauman tíma til lesturs. Vertu því stuttorður og gagnorður í bréfum þínum, einkum þeim, er snerta viðskiftalífið, en tem þér samt hreinleik í frágangi og hafðu hugfast, að bréf þín eru oft fyrstu kynnin, sem ókunnugir hafa af þér og eiga sinn þátt í að laða þá að þér eða fæla þá frá þér.

101. Um fyrirmyndir bréfa.

Það er algengt, að menn noti prentaðar bækur með sýnishornum upp á, hvernig bréf skuli stíla. Menn ættu helzt ekki, ef annars er kostur, að venja sig á þess konar forskriftir, því að þær gera bréfstíl þeirra kaldari, óeðlilegri og ósérkennilegri. Komið til dyranna, eins og þér lítið út, en reynið að vera þokkalega til fara í hugsun og frágangi. Það verður notadrýgra, en að skreyta sig annarlegum fjöðrum og nota aðfenginn stíl. Og þá verður yður einnig hægara að breyta til um orðfæri, eftir því hver móttakinn er (yður kunnugur, nákunnugur eða ókunnugur). Ef þér treystið yður ekki til að skrifa bréf yðar á hraðbergi, gerið þá uppkast að þeim.

102. Hver eru aðalskilyrði fyrir góðum bréfstíl?

Einfalt, hreint og skýrt mál með léttum og eðlilegum setningum, öfgalaust og skrúðlaust og án allra málalenginga — það er skilyrði fyrir góðum bréfstíl. Á fyrri öldum var orðgjálfrið, myndaskrúðið, sérvizkan og tildrið oft svo magnað í bréfum, að meiningunni hélt við köfnun, og menn urðu að ryðja sér braut inn að mergi málsins. Hér er t. d. eitt sýnishorn af því, hvernig bréfritara tókst að segja frá svo óskáldlegum hlut sem vanalegu morgunbaði: „Og þegar hin rósfingraða Aurora (morgungyðja) snerti rönd skýjanna í austri og flaug á undan Helios (sólguðinum), guði ljóssins, til að tilkynna, að dagur væri í nánd, þá reis eg úr mínum næturbólstað, skundaði út þangað, sem fljótið vefur silfurband sitt um hin grænu engi og dýfði limum mínum niður í hinar svölu bárur, sem tóku mig blíðlega og ástúðlega í faðm sér.“ Svona skrípastíll var fyrrum góð og gild vara. Nú mundu menn að eins nota slíkt í bréfum til kunningja sinna að gamni sínu til að láta hlægja að sér. Glens og gaman í bréfum til kunningja og jafnaldra er auðvitað leyfilegt, en á ekki við í bréfum til gamalla manna. Ellinni er alvaran tamari og virðing fyrir henni er eitt af aðal-kurteisisboðorðum allra alda og

flestra þjóða. — Ýmsir hafa gaman af að tolla í tízkunni um val á sendibréfapappír og umslögum. Þeir um það, sem nenna og vilja eltast við slíkt, en einfaldast og virðulegast, og jafnframt hagkvæmast, er að nota sterkan, hvítan eða ígulan pappír og umslög í vanalegu ensku bréfaformi, sem ekki þarf nema einbrjóta í umslagið. Pappírinn skal vera hæfilega stór, einbrotinn, fyrir umslagið. Konur hafa oft ánægju af að skrifa á alla vega skreyttan og litaðan pappír („Fantasipapir") og er það meinlaust gaman, en óviðkunnanlegt, að karlar séu að slíku glingri. Þegar höfðingjum er skrifað, er rétt að nota pappír í fjórblöðunga broti, en embættisbréf skulu skrifuð á pappír í arkarbroti. Fyrir stutt skeyti til kunningja eru bréfspjöld hentug.

103. Um rithönd á bréfum.

Fyrsta krafa til rithandar er, að hún sé greinileg og hreinleg. Óbærilegt að þurfa að vera að þreyta heilann og ímyndunaraflið um, hvað í bréfum standi, og lesa í eyðurnar, og því verra verður þetta, þegar skrifað er á erlenda tungu. Þá verður stundum lestur bréfa svo örðugur, sem menn væru að kljást við egipzkar helgirúnir eða assyrskar fleigrúnir. Í þessum greinum munu þó Íslendingar standa feti framar en flestar aðrar

þjóðir, því að yfirleitt hafa þeir fremur skýra rithönd og eru hættir að skrifa fljótaskrift.

Skrifið línurétt og setjið stafina rétt; ef þér getið það ekki, notið þá heldur línublað (eða strikaðan pappír), þegar þér skrifið, klessið ekki pappírinn, klessur eru ógeðslegar, þótt nefndar séu stundum kærleiksklessur. Notið góðan þerripappír en ekki skrifsand, svo að ekki fari fyrir yður eins og kærastanum í skáldritinu, sem fékk sand í tennurnar, þegar hann var að kyssa bréfið frá kærustunni. Ýmsir flytja skrift sína frá fyrstu blaðsíðu yfir á þriðju og þaðan yfir á aðra til að flýta fyrir sér, en réttast, að halda vanalegri blaðsíðuröð, því að hitt ruglar ýmsa í lestri.

Varizt sem heitan eldinn að skrifa bréf í vondu eða æstu skapi. Aðköst og ónot skal „melta", þar til aftur er náð að fullu andlegu jafnvægi. Munið, að „skrifað orð varir," og skrifuð hnjóðsyrði, beiskyrði og illyrði, eru margfalt háskalegri og særa meir en töluð. Mundu, að *skrifa aldrei bréf reiður.* —

Skrifið stafrétt, og ekkert hrognamál, ef þér viljið vera taldir með siðuðu fólki. Móðurmálið á það að minsta kosti af yður skilið, að þér á engan hátt misþyrmið því. Lærið íslenzkar réttritunarreglur, ef þér kunnið þær ekki. Það margborgar sig.

Dagsetning og bústaður (ritstaður) setjist á

réttan stað, í hægra horn að ofanverðu á einkabréfum, undir erendið og undirskriftina í embættisbréfum. Gleymið aldrei dagsetning né staðsetning. Það er hirðuleysi og oft bagalegt. Notið sem minst eftirskrift (P. S.); hún er óleyfileg í bréfum til höfðingja eða yfirboðara.

104. Hvernig skal ávarpa menn í bréfum?

Um það fer eftir því, hverjum er skrifað. — Ókunnuga er rétt að ávarpa með stöðu sinni og *herra* eða *frú* framan við stöðuna og nafnið, eða sem næst áritun til þeirra. Ýmsar þjóðir bæta þó oft *háttvirti* (hæstvirti) framan við herra-titilinn, en Englendingar láta sér lengi nægja orðið *herra* (Mr.) framan við nafnið, eða eingöngu *herra* (Sir) nafnlaust. Vér ávörpum: Heiðraði (háttvirti, hæstvirti) herra (vin, vinur), góði vin, kæri vin, elskulegi vin (frændi) o. s. frv., eftir því, hve nákominn eða góðkunnur sá er, sem skrifað er. Og mjög svipuð eru ávörp Norðurlandaþjóða og Þjóðverja. Englendingar ávarpa eftir því, hve náinn er kunningskapur milli bréfritara og viðtaka (Mr....., Dear Mr....., My dear Mr., eða eingöngu Sir, Dear S. o. s. frv.). Sumum þjóðum þykir eintómt orðið „þér" að ástæðulausu of kalt eða snubbótt í bréfstíl, sem í tali, og skrifa því oft og tala í þriðju persónu (t. d. Vill

herra sýslumaðurinn gera svo vel ....), eða nota *þér* með herra titli eða frúar (t. d. Eg vænti, að *þér, velborinn herra* eða *náðuga frú* ....)við og um þann eða þá, sem þeir skrifa eða eiga tal við. Þetta er tildur, sem als ekki er eftirbreytnisvert, oss eðlilegra að segja, sem Englendingar, eingöngu *þér*. Að ávarpa eða titla konur með titlum manna þeirra (t. d. frú sýslumaður N.N., frú póstmeistari N. N. o. s. .frv.), er beint málfræðilegt og ósmekklegt hneyxl, komið til Norðurlanda sunnan úr Þýzkalandi, sem vonandi verður hér aldrei landlægt.

Um ávarp keisara, konunga og þjóðhöfðingja skal einungis fátt sagt, með því að Íslendingar yfirleitt munu lítt þurfa á fræðslu í þeim greinum að halda.

Keisarar og konungar ávarpast í bréflegri yfirskrift: Allra náðugasti (allra mildasti) keisari (konungur, keisarinna, drotning), en inni í máli: Yðar keisaralega (konunglega) Hátign, (í viðræðum: yðar hátign).

Ráðherrar og frúr þeirra ávarpast: Yðar tign (excellenza).

105. Um áritun bréfa.

Sleppið að jafnaði öllum titlatogum utan á bréfum. Það er hálf-úreltur siður og óþarfur (svo

sem: Velborinn, hávelborinn, æruverður, háæruverður). Herra biskup, prófastur, prestur o. s. frv., ætti að nægja. Frúr þeirra nefnist skírnarnafni sínu og ættarnafni mannsins eða föðurnafni sínu, ef eiginmaðurinn ber ekki ættarnafn (t. d. frú Sigríður Blöndal, frú Sigríður Jónsdóttir o. s. frv.).

106. Ýmsar tegundir bréfa.

Bréfum má skifta í flokka, eftir efni þeirra. Langflest snerta þau viðskiftalífið og skulu þau vera svo stuttorð, gagnorð og greinileg, sem unt er. En svo eru og margar aðrar tegundir bréfa, svo sem *tilkynningarbréf, samfagnaðarbréf, bónarbréf, þakkarbréf, heimboðsbréf, meðmælingarbréf, afsökunarbréf og kunningjabréf.*

107. Kunningjabréf (skemtibréf og fréttabréf).

Þess konar bréf tíðkuðust mjög hér á landi langt fram á 19. öld, og voru oft einkar vel sögð, fyndin og skemtileg, svo að unun var að lesa, enda til orðin í einverunni og samgönguleysinu til að stytta sér og öðrum stundir. Stórbættar samgöngur, ritsíminn, fréttablöðin og hraðfleygara líf, eru nú að verða banamein þeirra. Hér skulu því engin fyrirmæli um þau gefin og því síður

ástæða til þess, sem kunningskapur manna á milli veit sjálfur bezt, hvað hann má bjóða sér í þeim efnum.

108. Um bréflegar tilkynningar.

Erlendis er altítt, og einnig farið að tíðkast hér á landi, að senda vinum og vandamönnum (prentaðar) tilkynningar um trúlofanir, fæðingar, giftingar og andlát. Þessar tilkynningar skulu vera sem stuttorðastar, einfaldastar og eðlilegastar, og lausar við allan viðkvæmnis-íburð.

109. Samfagnaðarbréf.

Um þau er sama að segja, að þau skulu vera stutt, en hjartanleg og laus við alla tilgerð og orðagjálfur.

110. Samhrygðarbréf.

Þau eru oft örðug viðfangs, ekki sízt þegar hjarta skrifarans á þar lítinn hlut í máli. Sönn og innileg tilfinning á hægar með að finna sér ytri búning og ná til hjartnanna. Eru hér, sem víðar, málalengingar óþarfar, enda vandfarið með sorgina hjá mörgum; hún er viðkvæm og vill oftlega helzt fara einförum. — Samhrygðarbréf sendist (sem samfagnaðarbréf) jafnskjótt sem áreiðanleg fregn er fengin.

111. Bónarbréf.

Þeir eiga oft bágt, sem biðja þurfa, og sumir eru svo skapi farnir, að þeim er bein kvöl að þurfa að biðja og eru þeir mennirnir sjaldnast „af verri endanum.“ Auðvitað á bón og bón oft ekki saman nema að nafninu. Það er hægðarleikur að biðja um smágreiða, góð ráð o. s. frv. Menn byrja þá vanalega á að biðja afsökunar á fyrirhöfninni, sem þeir valda; víkja svo beint að efninu og enda á kurteisri bón eða eftirvæntingu um, að óskir þeirra verði góðfúslega uppfyltar. Öðru máli er að gegna um peninga, fyrirframgreiðslu, skyndilán og önnur lán. Þar er þrautin þyngri, því að þar er meira í húfi bæði fyrir beiðanda og þann, sem beðinn er. Hér verður notadrýgst, sem víðar, að bera fram mál sitt hreinskilnislega, greinilega og hæversklega, án þess að niðurlægja sjálfan sig. Einföld, innileg beiðni er vænlegri til árangurs en alt orðskrúð og smjaður.

112. Þakkarbréf.

Þakkarbréf fyrir auðsýnda hluttekningu, eða þegnar velgerðir, skulu send tafarlaust. Allar þakkir skulu vera fáorðar og hjartanlegar. Alt smjaður hefir óþægileg áhrif á heiðarlega velgerðamenn og niðurlægir þá í augum sjálfra sín,

ekki sízt þegar um smámuni er að ræða. — Rétt er og að láta í ljós í þakkarbréfum, að maður sé þess albúinn, að gera gagngreiða, þegar svo ber undir.

113. Hve nær og hvernig skal bjóða skriflega?

Nú er mjög farið að tíðkast að nota prentuð (eða steinprentuð) boðspjöld með eyðum fyrir nafn, dag o. s. frv. Þau eru hentug þeim, sem mikið eru við heimboð riðnir. Stundum þykir þó réttara að nota skriflegt heimboð, svo sem við sérstaklega hátíðleg tækifæri, t. d. þegar einhver er beðinn að vera skírnarvottur, svaramaður o. fl., eða þegar fám mönnum er boðið til fagnaðar í vinahóp eða háum yfirboðurum, er menn vilja sýna *sérstaka* virðingu. Þessi aðferð skal sýna, að heimbjóðanda sé sérstaklega ant um, að gesturinn komi, og á því skilið greitt og vinsamlegt svar.

114. Hvað eru meðmælingarbréf?

Það eru bréf, sem menn skrifa í greiðaskyni við menn, til að koma þeim í kunningskap við vini sína eða kunningja. Varast skal að segja nokkuð annað en sannleikann, því að stór-óþægindi og ilt getur af hlotizt, ef mannlýsing reynist röng. En það, sem þú ert sannfærður um

að geta staðið við, skaltu segja hreinskilnislega og einlæglega, því að hálfvolg meðmæli eru vanalega að engu nýt. Getir þú ekki með góðri samvizku gefið einhverjum meðmæli, skalt þú alls ekki gefa þau. Meðmælabréf, sem afhent eru meðmælaþega, skulu vera ólokuð. Sé eitthvað, sem bréfritara þykir óviðkunnanlegt að setja í bréfið, má skrifa það í (lokuðu) einkabréfi.

115. Hve nær skal skrifa afsökunarbréf?

Hafir þú móðgað einhvern að ástæðulausu, vísvitandi eða óafvitandi, skalt þú sem fyrst senda honum afsökunarbréf, getir þú ekki náð tali af honum. Vertu hreinskilinn og einlægur, játa sekt þína, ef þú finnur þig sekan, afdráttarlaust og vafningalaust, reyndu ekki að fegra hana og kastaðu ekki sökinni yfir á aðra, nema fylsta ástæða sé til, og þá með sem vægustum orðum. Ofstopi og stærilæti gera mörgum fyrirgefningarbónina örðuga, þótt hún sé siðferðileg skylda, létti sektartilfinninguna og firri vandræðum.

116. Um innsigli.

Áður var siður að innsigla bréf með lakki eða oblátum. Nú er það miklu sjaldgæfara, eftir það er umslög með límröndum urðu algeng. Auðvitað er hver sjálfráður um, hvort hann lakkar bréf

sín eða ekki, en gott lakk og gott innsigli er tryggast. Varist þann ljóta sið að sleikja límröndina, þegar þér lokið umslögum, og notið heldur votan svamp og fingurna.

117. Um bréfleg andsvör.

Kurteisast og tryggast er að svara jafnan bréfum um hæl, enda bréfritara oft hugleikið eða áríðandi að fá svar sem fyrst. Og fljótt gert er sama sem tvígert. Hljóti svar að dragast, er bezt að geyma bréfið á vísum, ákveðnum stað, þar sem það getur sjálft mint á sig (t. d. í bréfgeymi á skrifborði sínu). Ýmsir, sem hafa mikil bréfaviðskifti, hafa dagbók yfir bréfin og skrifa í hana fengin og send bréf með tölumerki, dagsetningu og nöfnum bréfritara og móttaka. Þess konar yfirlit eru hentug og forða mönnum frá að gleyma að svara, og til flýtisauka er hentugt að setja neðan við hvert bréf örstutta athugasemd um efni þess. Rétt er, að lesnu bréfi, að merkja þá staði, er svara þarf. Það flýtir fyrir.

118. Um bréffriðinn.

Það er bæði siðferðileg og lagaleg skylda að láta bréf til annara sig engu skifta. Það er ekki einungis ósiður, að hnýsast í bréf annara manna, heldur varðar það við lög, ef bréf til annara eru brotin upp og lesin.

119. Samanburður á bréflegu og munnlegu viðtali.

Jafnaðarlega er munnlegt viðtal þægilegra og eðlilegra en bréflegt, og margt er það, sem örðugt er að gera grein fyrir bréflega, er betur skýrist og jafnast í viðtali við samfundi. Skrifað orð oft kaldara en munnlegt. Einnig hætta á, að bréf geti komizt í rangar hendur, eða viðtakandi jafnvel sýni þau öðrum. Svo er og líf bréfa lengra en hins fleyga orðs og þess vegna skulu menn alvarlega varast að trúa bréfum fyrir hviksögum. Nógu ilt, að þær hrjóti af vörunum, úr pennanum eru þær miklu háskalegri, og oft hafa menn í bréfi óvart undirritað sinn eiginn dauðadóm.

XI.

HEIMA FYRIR.

120. Um háttprýði á heimili.

Sönn kurteisi heimtar jafna háttprýði heima fyrir sem út á við. Sé kurteisi og háttprýði nauðsynleg í félagslífinu, þá er hún ekki síður nauðsynleg heima fyrir, því að vart mun hæverska og siðprýði verða haldgóð út á við ,ef menn temja sér hana ekki á heimilum sínum og eiginleg og eðlileg verður hún mönnum aldrei, nema því að eins, að þeir sleppi aldrei tökum á henni. Og gleymum aldrei, að menn mæla oss vanalega út með sama mæli, sem vér mælum þeim. Ruddalegt og óþýtt viðmót bergmálar aftur frá þeim, sem vér erum samvistum með, en háttprýði er skilyrði fyrir fögrum heimilisbrag.

121. Hvers krefst háttprýðin heima fyrir?

Fyrst og fremst *hreinlætis*, ekki einungis í gluggum og gestastofum, heldur einnig í skúmaskotum,

því að vér eigum að vera hreinlátir, ekki einungis vegna hins „glögga gestsauga“, heldur og vegna sjálfra vor, oss sjálfum til ánægju og hollustu. Hrein heimkynni, hreint loft, það er fyrsta boðorð heimilisprýðinnar og heilbrigðisfræðinnar. Loft og vatn kosta yfirleitt lítið hér á landi, svo að flestum er innan handar að afla sér þess, bæði fátækum og ríkum. Munið að veita jafnan nægu lofti inn í dagstofur yðar og þá ekki síður í svefnherbergin, sem þér hvílið í þriðjung ævi yðar. Látið gluggana þar helzt vera opna allan daginn, að minsta kosti þegar sólar nýtur að vetrinum.

122. Hvað er meira um híbýli?

Herbergin skulu ekki vera ruslakista. Hvert herbergi geymi að eins þá muni og húsgögn, sem þar eiga heima. Háttprýðin heimtar engan íburð eða óhóf heima fyrir, heldur smekk ,þægindi og samræmi. Bækur eiga t. d. ekki heima í borðstofu eða sængur í skrifstofum o. s. frv. Nú á dögum er minni áherzla lögð á samsvörun (symmetri) en fyr í niðurröðun húsgagna (t. d. ekki allir stólar upp við veggi, borð á miðju gólfi o. fl.), þykir óhlýlegt, ef of mikið er að gert. Annars er hér sem annarstaðar meðrædd smekkvísi bezti leiðtoginn.

123. Hvað er lífið og sálin í heimilinu?

Það er fjölskyldan. Hún gefur því svipinn og það er undir foreldrunum komið, hvort þjóðfélagið fær þaðan siðaða eða ósiðaða borgara. Heimilin eru undirstaða þjóðfélagsbyggingarinnar og því svo áríðandi, að þar ríki friður, ástúð, umhyggjusemi, umburðarlyndi og reglusemi.„Nema börn það í bæ er títt," þess vegna er fordæmið svo mikilsvert og að börnin sjái ekki annað fyrir sér haft en það, sem gott er og fagurt. Venjið börn yðar þegar frá byrjun á þá sömu háttprýði, sem heimtuð er af siðuðum og hæverskum mönnum í lífinu. Venjið þau strax, þegar þau fara að matast við borð yðar, á rétta borðsiði, látið þau ekki háma í sig matinn, ekki tyggja með opinn munn, ekki penta sig, ekki sleikja hníf eða diska, kennið þeim að sitja rétt, að nota hníf og matfork á réttan hátt o. s. frv., venjið þau í stuttu máli á alla prúðmensku í allri framkomu, þá verður hún þeim eðlilegri og auðveldari, þegar út í lífið kemur, ef þau hafa hana með sér að heiman. — Hafið jafnan hugfast, að hreinlætið er nauðsynlegt skilyrði prúðmenskunnar. Hafið hreina dúka á borðum, notið hengiþerrur á ungbörn við borðið en knéþerrur handa stálpuðum börnum og fullorðnu fólki og þerrubönd eða hringa utan um borðþerrurnar, svo að hver geti jafnan gengið að sinni þerru. Grunnir diskar

skulu látnir með hnífi og matforki við hvert sæti, en djúpir diskar hjá húsmóðurinni, sem eys á þá og yfir höfuð gengur um beina við borðið (hér á landi, á Norðurlöndum og Þýzkalandi; á Englandi gerir húsbóndinn það). Brjótið vel saman borðþerrur að lokinni máltíð, áður en þér látið þær í hringinn, því að sama þerran er notuð oftar en einu sinni heima fyrir (en ekki í boðum og veizlum). Skerið fyrir með sérstökum hníf og haf ið sérstakar skeiðar og matforka í kálmetis- og ávaxtaílátum. Notið ekki hnífa úr stáli við ávexti, heldur hnífa úr horni eða bronsi. Einstöku rétti er örðugt að eta, nema menn handleiki þá og því eru þeir ógjarnan á borð bornir í meiriháttar veizlum. Við þessa rétti verða menn því að nota fingurna, en að sjálfsögðu skal þvo sér um fingurna á eftir og því eru oft bornar fram glerskálar með vatni og sítrónflögu til að dýfa höndum í. Ekki er rétt, að hreinþurka sósu af diski sínum með brauði eða hnífi. Aldini skal skera í munnbita en ekki bíta í þau. Bein og smá-matleifar skal ekki sjúga. Menn taki hispurslaust til sín af frambornum réttum og varist að velja úr það, „sem feitt er á stykkinu." Menn varist að svolgra í sig drykki og drekki þá hljóðlaust. Um smjatt og að stanga úr tönnum er áður talað. Ei skal heldur sjúga gegn um tennur sér o. s. frv.

Feður og mæður, venjið börn yðar sem fyrst á

háttprýði og gangið sjálf á undan þeim með góðu fordæmi. Sýnið ekki tvö andlitin ,annað sætt og ástúðlegt út á við, hitt súrt og óþýtt í hóp barna yðar og hjúa. Varist að vera „götuenglar og heimilisdjöflar."

124. Hvað er að segja um framferði barna við fullorðna?

Börn skulu vera hógvær og kyrlát og ekki blanda sér í samtal fullorðinna, nema á þau sé yrt. Ekki er rétt að halda þeim algerlega frá gestum, eins og víða tíðkaðist fyrrum hér á landi, því að þá er hætt við, að þau verði feimin og mannafælur, en hinsvegar bezt að gæta allrar varkárni í þeim efnum, bæði vegna þess, að ýmsum leiðast börn og svo ber einnig margt það á góma milli gesta og húsbænda, sem börnum er ekki holt að heyra. Sumir hafa einnig þann ósið að vera sífelt að hæla börnum. Það getur ef til vill látið vel í eyrum foreldranna, en það getur einnig alið upp hégómagirni og stærilæti í hjörtum þeirra barna, sem fyrir hólinu verða. Ekki er heldur ráðlegt að láta börn sitja til borðs með gestum, nema vel siðuð séu og venzlamenn eða vinir eigi í hlut. Oft mjög óþægilegt fyrir gesti að heyra börn vera að þrábiðja um hitt og þetta við borðið eða öskra, ef þau ekki fá það, sem þau vilja.

Forðist alla sundurgerð í klæðaburði barna yð-

ar. Þau eiga að vera þokkaleg og hreinleg til fara, þá er nóg. Fallegt barn verður engu fríðara, þótt það sé í skrautklæðum, og það er ætíð hægara að venja unglinga á óþarfann en af honum. Líf þeirra síðar meir er foreldrunum lokuð bók, og því er ilt að hafa í æsku vakið hjá þeim þarfir, sem seinna verður ekki unt að fullnægja. En sá grætur eigi fyrir gull, sem aldrei gtti.

Foreldrar ættu jafnan að hafa það hugfast, að þau bera ábyrgð á börnum sínum fyrir guði og mönnum. Þau ala ekki upp börn sín aðallega *sér* til skemtunar eða *sér* til gagns, heldur ala þau upp börnin handa *þjóðfélaginu*. Þeim ber að verða nýtir borgarar í mannfélaginu og enginn heiður er slíkur fyrir ættir og einstök heimili sem sá, að gefa þjóðfélaginu sem mest af dáðríkum, heiðarlegum og vel siðuðum borgurum, en til þess leggur uppeldið í æsku alvarlegan og mikilvægan grundvöll.

Varizt að atyrða börn yðar og hegna þeim í viðurvist annara, því að það drepur hjá þeim sjálfstraust og sómatilfinningu. Hótið ekki hegningu, sem þér framkvæmið ekki. Efnið ætíð orð og loforð yðar við börnin, með því venjið þér þau á orðheldni. Og kennið þeim að hata og hræðast lýgina, því að hún er móðir og hjálparhella allra synda og klækja.

XII.

UM DVÖL HJÁ ÖÐRUM OG SKYLDUR HÚSBÆNDA OG GESTA.

Dvöl mætti ef til vill nefna það, er menn dvelja dögum, vikum eða mánuðum saman hjá öðrum sem gestir þeirra. Þess konar samvistir leggja bæði gestum og húsbændum ýmsar kurteisisskyldur á herðar, sem vér skulum lauslega athuga.

125. Um skyldur húsráðenda.

Herbergi það eða þau, sem gestur fær, meðan hann dvelur hjá húsráðanda, fær hann til *fullra umráða*, sem væru þau hans eigin eign. Þess vegna má ekki geyma þar neitt það, sem húsráðendur eiga og þurfa að nota, því að það veldur umgangi um herbergin og ónáðar gestinn. Gestum skal og í sjálfsvald sett að haga öllu í dvalar-herbergjum sínum eftir eigingeðþótta.

Krefjist ekki nærveru gests yðar við fyrsta morg-

unverðinn, sem hann er á heimilinu, því að ýmsum fellur betur að njóta fyrstu máltíðarinnar einir í næði og eru einnig oft þreyttir eftir ferðalög, en stundvísir skulu gestir jafnan síðan vera við máltíðir.

Húsráðendur skulu ekki sífelt hanga yfir gestum sínum; margir elska einveru og forðast samvistir manna, þegar einveruþráin tekur þá.

Biðjið aldrei gesti yðar um hjálp við störf innan húss eða utan, svo að þér ekki verðið grunaðir um að óska gjalds fyrir gestrisnina.

Varizt að hrekja gesti yðar látlaust úr einni nautn í aðra; grenslizt heldur eftir, hvað þeim muni kærkomnast og hagið yður eftir því.

Varizt að spjalla við gesti yðar um fjármál yðar og önnur einkamál og kvartið ekki yfir, hve dýrt sé orðið að lifa o. s. frv. Ef þér hafið ekki efni á að breyta til í mat eða öðru, afsakið þá fyrir þeim og biðjið þá heila njóta þess litla, sem í té sé látið. Gestir mega ekki verða þess varir, að þeir valdi sérstökum kostnaðarerfiðleikum eða óþægindum.

Berið ekki deilumál yðar undir gesti yðar og sé eitthvert saupsætti eða ágreiningur milli hjóna, þá má ekki minna vera, en að þau lofi gestum sínum að vera lausir við deilumál þeirra.

Það er forn siður, að spyrja ekki gesti sína spjörunum úr, fyr en þeir hafa notið beina. Rétt-

ast er, að spyrja þá alls ekki, þeir munu sjálfir bera upp erendi sín, þegar þeim þykir bezt henta. Varizt og að spyrja gesti yðar, hvert þeir ætli, þótt þeir bregði sér frá húsum yðar. Forðist yfirleitt að spyrja gesti yðar um athafnir þeirra og atvik þeim viðkomandi. Þeir skýra sjálfir frá öllu slíku, ef þeir vilja (t. d. hverjum þeir séu að skrifa, hvaðan þeir fái bréf o. s. frv.).

Finnið ekki að gestum yðar, hvorki í klæðaburði né hegðun, en spyrji þeir yður, svarið þá sem þér vitið sannast og réttast, en ætíð kurteislega.

Reynið að gera gestum veruna í húsum yðar svo þægilega og skemtilega sem unt er, verið jafnan boðnir og búnir að sýna þeim hlýleik og óskið þeim að síðustu góðrar ferðar og glaðra endurfunda við brottför þeirra.

126. Um skyldur gesta við húsráðendur.

Gestir hlýði skilyrðislaust hússiðum og venjum, komi jafnan stundvíslega til matar, raski aldrei ró heimilisins eftir háttatíma né glepji morgunsvefn manna.

Heimtið ekki, að húsráðendur hangi yfir yður daglangt, hverfið við og við inn í herbergi yðar eða út, svo að þeir fái svigrúm til að gegna nauðsynlegum störfum og reynið að hjálpa yður

sjálfir eftir mætti, því að ekki eru alstaðar þjónar á hverjum fingri.

Verið hæverskir og svo kröfulitlir, sem unt er, en varizt hins vegar alla lítilsiglda auðmýkt.

Verið hlutlausir og fáskiftnir um allar heimilissakir, en verið jafnan til taks, ef þér sjáið, að þér getið gert einhvern greiða.

Varizt að skifta yður af uppeldi barnanna eða finna að kunnáttu þeirra eða hegðun, því að sú aðfinsla bitnar á foreldrunum, sem bera ábyrgð á uppeldi þeirra.

Séu venjur og siðir húsráðenda yður á móti skapi, eða skoðanir þeirra um heimilisþægindi, klæðaburð, stjórnmál, trúbrögð o. fl., forðizt þá umræður um þau efni, því að þær eru vanalega gagnslausar og valda oft missætti, og verið, sem gestir, jafnþægilegir, eðlilegir og vingjarnlegir, sem þér eruð heima fyrir.

127. Enn um húsráðendur og gesti.

Snuðrið ekki í herbergjum gesta, þegar þeir eru úti og svo skulu og gestir láta í friði allar eigur húsráðenda. Menn varist einnig að lesa úr penna þess, sem skrifar. — Sé gestur eða húsráðandi söngvinn, gjaldi hann varhuga við að gera svo mikið að list sinni, að öðrum verði hún hvimleið, og sama er að segja um upplestur kvæða eða ann-

ars skáldskapar. Sé beðið um slíkt í alvöru, má gera úrlausn, en bezt, að hún sé sem styzt, því að annars getur skemtunin orðið að leiðindum. Varizt þó að láta lengi ganga eftir yður. Verið kátir og ófirtnir. Tiltektasemi er örðugur eiginleiki við að búa.

Varizt að dvelja langdvölum hjá öðrum, nema þér hafið áður tilkynt komu yðar, því að annars getur koma yðar valdið húsráðendum óþæginda. Og gleymið ekki, þegar þér eruð heim komnir, að skrifa húsráðendum og þakka fyrir síðast, svo að ekki verði um yður sagt, að „gleymt“ sé „þá gleypt er.“

Sjálfráður er hver um það, hvort hann gefur húsráðendum eða börnum þeirra einhverja gjöf að skilnaði, en nauðsynlegt er það ekki; aftur á móti er það rétt og alment að gefa hjúum þeim, sem þjónað hafa gestum og lagt á sig aukavinnu þeirra vegna, ríflег vikakaup.

XIII.

UM ÝMISLEGT FLEIRA, ER SNERTIR HÆVERSKU OG SIÐGÆÐI.

Margar af misfellum *félagslífsins* eiga rót sína að rekja til vöntunar eða misskilnings á kurteisi og siðprýði. Menn vara sig oft ekki á því, að sú ein kurteisi er að nokkuru nýt, sem er *sannleikanum* samkvæm og hyggja því, að lífið geri oft tilkall til annarar ytri framkomu en þeirrar, sem fagur og hreinn hugsunarháttur heimtar af oss.

Þetta er, með öðrum mannlegum breyskleika, ein af aðalástæðunum fyrir *félagslýginni*, sem er svo hryllilega almenn og eitrar líf og hugsunarhátt manna og þjóða. — Það er heppilegt einkunnarorð, sem ímynd þess illa, djöfullinn, hefir hlotið, þar sem hann er nefndur „lýginnar faðir", því að hún dylur allar syndir og er lífæð þeirra. Án lýginnar værum vér sem opin bók, og mundum að minsta kosti reyna að þvo burtu svörtustu blettina úr samvizku vorri, í stað þess að líta út sem „kalk-

aðar grafir framliðinna“ með sakleysisgljáann utan á oss en eiturgerla ilsku og haturs í hjarta. — „Fagurt skal mæla, en flátt hyggja“ virðist því miður vera lífsregla margra, ekki sízt ýmissa þeirra, sem hátt eru settir í lífinu og lýðinn leiða, svo sem ýmissa stjórnarerendreka, stjórnmálamanna, ritstjóra o. fl., en þá er illa farið, þegar orð og ytri framkoma eru notuð til að hylja hugsanir eða rangfæra orð og gerðir, í stað þess að skýra rétt frá husgunum, orðum og athöfnum. Og því miður má iðulega sjá menn ganga á milli fólks í samkvæmum með faguryrði og flaðurmæli við hvern mann á tungunni, að eins til að dylja hugsanir sínar, eða þá í nafni „kurteisinnar“ og í þarfir „félagsskaparins“. Þá er og ömurlegt að heyra og sjá menn taka með vinsemd og virktum á móti gestum sínum, en byrja strax að níða þá, þegar þeir eru skroppnir út úr dyrunum eða riðnir úr hlaði, eða heyra gesti eftir nýþegnar góðgerðir tala háð og fleipur um þá, sem veitt þeim hafa. Og víst er um það, að öllum kurteisum mönnum er slíkt með öllu ósamboðið, enda ósamrímilegt allri sannri kurteisi. —

Eitt er það enn í ætt við lýgi, er nefna mætti *ósönn meiðyrði*. Atvik lífsins réttlæta þau stundum, en súr eru þau í broti öllum sannheiðvirðum mönnum.

Þá eru þau, *hræsnin* og *jábróðurófögnuðurinn*

skilgetin afkvæmi lýginnar og andstæð allri siðprýði. Sumir nota þau drjúgum, þegar þeir vilja koma sér í mjúkinn hjá yfirboðurum eða nefndarmönnum, vitandi ekki, að hræsni og smjaður eru öllum hreinum sálum sannur viðbjóður. Og vilji menn ekki hefjast andmæla né þykist geta það, þá er eitt ráð til, sem heitir — þögn. — Æskilegt væri, að það kæmist inn í hverja siðbók og inn í meðvitund allra manna, að lýgin, í hverri mynd sem hún birtist, sé hin argasta ósvinna og ókurteisi, sem hægt sé að sýna mönnum og lygarinn verði gerður rækur úr samfélagi siðaðra manna.

Þá er *sýnigirnin* eða *hégómagirnin* ein tegund félagslýginnar, algeng í öllum þrepum félagsstigans og eru konur sízt eftirbátar karla í þeim ósóma. Fátækir karlar og konur strita við að sýnast það, sem þau ekki eru og lifa um efni fram: í boðum og gagnboðum, veizlum og gagnveizlum, lána fé — jafnvel skart á sig sjálf, til að geta „verið með" þar, sem þau ekki eiga heima — þar til alt sökkur í skuldahylinn og eymdina. Væri ekki ólíku skynsamlegra og notadrýgra að játa blátt áfram á sig fátækt sína og draga sig út úr þeim félagsskap ,sem manni er um megn og sízt mun því hollari einföldu lífi sem hann er því dýrari. — Þessi sýnigirni er bæði afar háskaleg og auðvirðileg: að sjá manneskjur vera að keppast við, hver geti hrúgað upp meira af tildri og glingri

heima fyrir eða hlaðið meira á sig, þótt sultur og seyra sé ef til vill á næstu grösum, — Svo er fyrir þakkandi, að þessi ósiður er tíðari í útlöndum en hér, en því er miður, að farið er einnig að brydda alvarlega á honum hér á landi og þyrfti að kyrkja þann ósóma þegar í fæðingunni, því að hann er margfalt háskalegri en sá gamli íslenzki búmanns-barlómur, þótt báðir séu ljótir og lýginnar afkvæmi.

Þá er *hugleysið*, *heigulskapurinn*, *hræðslan við almenningsálitið* einnig í venzlum við félagslýginna. Margir hafa ekki siðferðilegt þrek til að segja sannleikann, þótt þeir viti hann, ef hann kemur í bága við tíðarandann eða svo nefnda hagsmuni þeirra, og kjósa því heldur að þegja og líða með straumnum, og verða þannig *samsekir* hinum.

Andmælið strax lýginni, þegar þér mætið henni, hvaðan sem hún kemur; að öðrum kosti magnast hún og breiðist út milli fjalls og fjöru. Herðið upp hugann og verið einarðir gegn sjálfum yður og öðrum. Hafið þrek til að játa fátækt yðar, þrek til að neita yður um það, sem yður er óholt eða um megn að veita yður, þrek til að setjast þar á bekk, sem þér eigið heima, þrek til að fyrirlíta tízkuna, þrek til að játa vanþekking yðar og læra af þeim, sem betur vita, þrek til að halda svörum uppi fyrir sannfæring yðar og hugsjónum,

þrek til að taka sannleikann — einnig beizkan eða tötrum klæddan — yður í faðm og hafna lyginni, þótt hún birtist í litklæðum, og að síðustu — þrek til að stjórna geði yðar og fýstum í öllum greinum, þá eruð þér og verðið — hvernig sem ytri hag eða áliti líður — miklir menn og ágætir, því að „sá, sem stjórnar geði sínu, er betri en sá, sem vinnur borgir."

Þá er *rógur* og *milliburðir* náskyldur lyginni, eða jafnvel lygin sjálf í allra verstu mynd hennar og hefur valdið miklu meiri sorg í mannlegu lífi en allar styrjaldir veraldarinnar, að þeirri síðustu og hrikalegustu ekki undan skilinni. — Varizt um fram alt þá menn, sem ganga bæ frá bæ og hús úr húsi til að fræða yður um, hvað aðrir segi um yður, og sé ekki á annan hátt unt að losna við þessar mannlífsnöðrur, látið þá þessa Merði mannfélagsins vita, að þeir eigi ekkert erindi til yðar með burð sinn, því að öðrum kosti eitra þeir líf yðar og spilla friði yðar. Annað mál er að taka með þökkum viðvörunum góðra vina, þegar þeir skýra oss frá vélráðum, sem oss eru brugguð, og beinum hættum, sem oss stafa af öðrum. Þeir koma þá fram sem hollráðir vinir en ekki tilberar eða rógberar, sem að jafnaði rangfæra orð og atvik, gera úlfalda úr mýflugunni eða klæða sannleikann í þann búning, að hann lítur

alt öðru vísi út, en hann í raun og veru var, þegar hann komst í klærnar á þeim.

Þá skal að síðustu farið nokkurum orðum um *ranga góðgerðasemi.*

Góðgerðasemi er í sjálfu sér dygð — sannkristileg dygð —, sem er í því fólgin, að vilja láta sem mest gott af sér leiða og „mega ekkert aumt sjá", svo að ekki sé reynt úr að bæta. En örskamt er öfganna milli. Andstæða hennar, og þó af sömu rót runnin, er *bruðlunarsemi*, sem oft verður neytanda að engu liði og jafnvel til ills eins, en kemur veitanda iðulega á kaldan klaka. Hafið jafnan hugfast, að þótt „sælla" sé „að gefa en þiggja", þá er þó enn sælla að geta veitt öðrum þá hjálp, hvort heldur er í hollum ráðum eða á annan hátt, er geri þá að sjálfstæðum, dugandi mönnum, þá hjálp, er kenni þeim að hjálpa sér sjálfir, því að það er drýgra til frambúðar en allar ölmusur..

Þá er önnur tegund góðgerðasemi, sem er af óhreinum og auðvirðilegum toga spunnin og á rót sína að rekja til sýnigirni. Margir hafa lag á því, að gera góðgerðir sínar svo heyrinkunnar, sem væru þær einhver auglýsingarvara, og gleyma algerlega, að hægri höndin á ekki að vita, hvað sú vinstri gerir í þeim efnum. Munið ætíð að

gefa með glöðu geði það, sem þér gefið, og láta hlý orð fylgja í gjafbæti. Látið góðgerðir yðar koma niður á þeim, sem verulega þarfnast þeirra og eiga þær skilið, sönnum gustukamönnum, en ausið ekki út gegndarlaust á báðar hendur. Hafið jafnan hugfast, að brjóstgæðin við bágstadda og starfi yðar í þarfir volaðra ekki mega gera yður skeytingarlausa um skyldur yðar heima fyrir við þá, sem yður eru nákomnastir. Það er lélegur maður eða kona, sem gefa sig út á húsganginn, en eiga ef til vill mikla ómegð heima fyrir, lélegur húsbóndi, sem situr daglega í nefndum og vafsast í öllum þeim málum, er heill almennings varða, en vanrækir heimili sitt, léleg húsfreyja, sem á sæti í góðgerðafélögum og talar máli volaðra á kvenfundum, en lætur manninn og börnin ganga óhirt, tætt og rifin, léleg móðir, sem yfir kaffinu með stallsystrum sínum úthellir meðaumkvunartárum yfir voluðum og bágstöddum, meðan maturinn barnanna er að „brenna við“ úti í eldhúsinu.

Það er eitt af einkennum manneðlisins, hve gjarnt því er til allra öfga, að missa taumhald skynseminnar á tilfinningum sínum, svo að jafnvel dygðin verður að vandygð, þegar svo langt

er komið, að ræksla hennar kæfir niður aðrar dygðir og gerir oss hirðulausa um aðrar mannlegar skyldur.

En með því að kurteisi og háttprýði eru svarnir óvinir allra öfga, þá er nauðsynlegt, að menn temji sér þær frá barnæsku, því að þær skapa jafnvægi í sálu og fegurð í lífi.

EFTIRMÁLI.

Kver þetta er að efninu til nýlunda hér á landi. Mjög takmarkað rúm, vanmáttur minn og æfingarleysi íslenzkunnar í þessum greinum, gerir kverið miklu ófullkomnara og óliprara, en þurft hefði að vera, ef „básinn“ hefði ekki verið „markaður“ og viðvaningur hefði ekki um fjallað. En öll frumsmíði stendur til bóta, og æskilegt væri, að góðfúsir, smekkvísir og fróðir lesendur vildu svo vel gera að senda útgefanda eða mér athugasemdir sínar, til notkunar síðar, ef bæklingurinn kynni að verða út gefinn aftur í bættri og aukinni mynd.

Eftir langa leit í erlendum bókum um þetta efni tók ég til fyrirmyndar (og lauslegrar þýðingar) „Katechismus des guten Tons und der feinen Sitte“ (Lærdómskver í kurteisi og hæversku) eftir Eufemia von Adlersfeld (Eufemíu frá Arnarvöllum) geb. Gräfin Ballestrem (dóttur Ballestrems greifa). Ég bið hinn virðulega höfund fyrirgefningar á traustatakinu, en með því að þýðingin er að eins lausleg, mjög mörgu slept, mörgu við bætt frá mér og öðrum, ætla ég mér ekki þá dul að nota nafn hennar framan á kverinu.

Ýmsar prentvillur hafa því miður slæðzt inn. Lesendur beðnir að leiðrétta greinatal á 54. og 87. gr. og strika „og nytsemi“ út úr forsögn 69. gr. Þá eru enn þessar prentvillur, sem ég hef orðið var við yfirlestur bókarinnar: Á 4. bls. Í stað: „og ofbeldi“ komi: ofbeldis og. Fyrir: „menn“ komi: manninn; á 61. bls. fyrir: „matþork“ komi: matfork; á 62. bls. „Hver“ (í forsögn) lesist: Hvers; á 70. bls. fyrir „efnum“ komi: efni; á 77. bls. fyrir „slitum“ komi: situr; á 114. bls. „gtti“ lesist: átti. Enn fremur er s *víða inn komið í* z *stað og högg (kommur) rangsett.*

Reykjavík, 13. júlídag 1920.

JÓN JACOBSON.

EFNISYFIRLIT.

I.

Forsögn (3.—7. bls.).

1. Mannasiðir.
2. Nauðsyn kurteisi.
3. Manngildi og kurteisi.
4. Hvernig lærist háttprýði?
5. Vörn gegn ókurteisi.
6. Lífæð kurteisinnar.
7. Er smekkvísi ásköpuð eða aðfengin?
8. Kurteisisreglur misjafnar.

II.

Framkoma (8.—25. bls.).

9. Góð framkoma meðmæli.
10. Hvað skal varast?
11. Um hreinlæti.
12. Um vasaklúta.
13. Fleira um klæðaburð.
14. Klæðaburður á götum.
15. Búningur í heimsóknum.
16. Búningur í minni háttar heimboðum.
17. Búningur í miðdegisverðum

18. Um blóm og skrautgripi.
19. Um ilmefni.
20. Fleira um framkomu.
21. Um hirðingu andlits.
22. Um meðferð á hári.
23. Um hirðing tanna.
24. Um hirðing handa.
25. Um framgöngu.

III.

Mál og viðræður. Venjur (26.—37. bls.).

26. Um mál og orðfæri.
27. Um viðræður.
28. Um viðræðuefni.
29. Hvað ber að varast í viðræðum?
30. Um erlendar tungur.
31. Fleira um viðræður.
32. Um ávana og kæki.
33. Um ósiði í viðræðum.
34. Um hvimleiða kæki.

IV.

Heimsóknir og heimboð (38.—51. bls.).

35. Um heimsóknir.
36. Athugavert um heimsóknir.
37. Um nafnseðla.
38. Um fyrstu framkomu í heimsóknum.
39. Hve löng má heimsókn vera?
40. Um réttan heimsóknartíma.
41. Um almenna framkomu í heimsóknum.
42. Hvað er fyrst, þegar inn er komið?
43. Hverjum má hönd rétta?

44. Fyrir hverjum skal láta kynna sig?
45. Um skoðun húsgagna o. fl., í gestastofum.
46. Um hugulsemi í samkvæmum.
47. Sýning lista í samkvæmum.
48. Um framkomu við þá, sem mönnum eru ógeðfeldir.
49. Um kurteisi við gamalt fólk.
50. Um spilaskemtun.
51. Fleira um framkomu í boðum.

V.

Miðdegisverðir, kvöldboð og dansleikar (52.—65. bls.).

52. Hvernig skal boðum tekið?
53. Um framkomu í miðdegisverðum.
54. Um viðræður karls og konu.
55. Hvernig skal til borðs setjast?
56. Hve mikið má snæða?
57. Um borðreglur.
58. Hvers skal sá gæta, sem boð hefur inni?
59. Hvernig skal til borðs bjóða?
60. Um skálar og ræðuhöld.
61. Hverjum skal fyrst rétti bjóða?
62. Um skifti diska og annara áhalda.
63. Hvers skal gætt í kvöldboðum?
64. Um kvöldboð og standboð.
65. Um dansleika.
66. Um aukadansa.
67. Um merkjadans.
68. Um kvennadansa.
69. Hugulsemi á dansleikum.
70. Um samkvæmislok.

VI.

Opinber framkoma. Fyrsti þáttur: Kirkja, söfn, samsöngvar, leikhús (66.—71. bls.).

71. Opinber háttprýði innan dyra.
72. Hver er æðstur opinber staður innan veggja?
73. Um hegðun í söfnum og á sýningum.
74. Um samsöngva.
75. Um leikhús.

VII.

Opinber framkoma. Annar þáttur: Á götu, á ferðalagi, í veitingahúsum o. s. frv. (72.—80. bls.).

76—78. Um kurteisisreglur á götum.
79. Um ferðalög.
80. Eru ferðalög menningaratriði?
81. Um hegðun á veitingastöðum og gistihúsum.
82. Um framkomu á öðrum sviplíkum stöðum.
83. Um kveðjur á opinberum stöðum.
84. Um bjórdrykkju kvenna á opinberum stað.
85. Um hunda á opinberum stöðum.

VIII.

Hirðsiðir og titlatog (81.—85. bls.).

86. Um kynningar hjá þjóðhöfðingjum.
87. Um klæðaburð við hirðheimsókn.
88. Um stundvísi við kynningar o. fl.
89. Hve nær er áheyrn lokið?
90. Um heimboð til hirðar.
91. Um kveðjur í höllum þjóðhöfðingja.

IX.

Umgengni við menn í ýmsum stéttum (89.—94. bls.).

92. Um hegðun gegn yfirboðurum.
93. Um framkomu við jafningja.
94. Um framkomu við undirmenn.
95. Hverjir eru undirmenn?
96. Um húskennara.
97. Um framkomu við vinnufólk.
98. Um framkomu við viðskiftamenn.
99. Almenn framkoma og umgengni.
100. Um feimni.

X.

Um bréfaviðskifti (95.—108. bls.).

101. Um fyrirmyndir bréfa.
102. Um góðan bréfstíl.
103. Um rithönd á bréfum.
104. Um ávörp í bréfum.
105. Um áritun bréfa.
106. Ýmsar tegundir bréfa.
107. Kunningjabréf.
108. Um bréflegar tilkynningar.
109. Samfagnaðarbréf.
110. Samhrygðarbréf.
111. Bónarbréf.
112. Þakkarbréf.
113. Um skrifleg heimboð.
114. Meðmælingarbréf.
115. Afsökunarbréf.
116. Um innsigli.
117. Um bréfleg andsvör.

118. Um bréffriðinn.
119. Samanburður bréflegs og munnlegs viðtals.

XI.

Heima fyrir (109.—114. bls.).

120—121. Um háttprýði á heimili.
122. Um híbýli.
123. Lífið og sálin í heimilinu.
124. Framferði barna við fullorðna.

XII.

Um dvöl hjá öðrum og skyldur húsbænda og gesta (115.—119. bls.).

125. Um skyldur húsráðenda.
126. Um skyldur gesta.
127. Enn um húsráðendur og gesti.

XIII.

Um ýmislegt fleira, er snertir hæversku og siðgæði (120.—127. bls.).

REYKJAVÍK
MANNASIÐIR

BRIGHAM YOUNG UNIVERSITY
3 1197 22399 8045